

ÁRSSKÝRSLA 2005

ÁRSSKÝRSLA 2005



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins
Ritstjóri: Snorri Gunnarsson
Hönnun, myndstjórn og umbrot: ENNEMM
Myndrit: Guðmundur Ó. Ingvarsson
Prentun: Svansprent

Ávarp forstjóra	5
Starfsemin á árinu 2005	7
Ársreikningur 2005	10
Útdráttur úr viðhorfskönnun	12
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2005	14
Jón Rúnar Sveinsson:	
Meginþættir í húsnæðisstefnu Íslendinga á 20. öld	19
Töflur	43
Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2005	43
Tafla 1.2 Fasteignamat og brunabótamat frá 1994	45
Tafla 1.3 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma. Landið allt	46
Tafla 1.4 Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum	47
Tafla 2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2005	49
Tafla 2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2005	50
Tafla 3.1 Fasteignaverð í sérbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2005	53
Tafla 3.2 Fasteignaverð í fjölbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2005	64
Tafla 3.3 Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæði	72
Tafla 3.4 Íbúðaverð í fjölbýli eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu árið 2005	
- án bílskúra/stæða	73
Tafla 3.5 Íbúðaverð í fjölbýli eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu árið 2005	
- með bílskúr/stæði	85



Um 75% landsmanna sem komnir eru af unglingsaldri eiga fasteign. Fasteignir eru verðmætasta eignasafn landsmanna og svo hefur verið allt frá landnámi. Þegar fjármagn hefur þurft til samfélagslegra verkefna hafa augu manna löngum beinst að fasteignum sem skattstofni.

Skattlagning á fasteignir hófst með tíundarlögunum árið 1097. Sá skattur var kaþólskrar ættar. Fjórðungur tíundarinnar rann til biskupsstólanna og seinna til konungs, fjórðungur til presta, fjórðungur til kirkna og fjórðungur til fátækra. Þessi skattur var við líði fram á fyrstu ár 20 aldarinnar.

En hvers virði er fasteign? Það er hin sígilda spurning. Ekki aðeins þegar hugað er að skattlagningu heldur einnig í ýmsum öðrum tilvikum svo sem við sölu, erfðir, veðsetningu, tryggingar, bætur og millifærslur velferðarþjóðfélagsins. Í landbúnaðarþjóðfélögum byggðist verðmætið einkum á hve landið gat framfleytt mörgum og hvað þar var hægt að rækta.

Gangverð í fasteignaviðskiptum er sú viðmiðun sem lengstum hefur verið notuð hér á landi sem skattstofn enda þjóðskipulag þannig að fasteignir hafa gengið kaupum og sölum allt frá landnámi. Það er hlutverk Fasteignamats ríkisins að ákvarða fasteignamat ef frá er talinn árlegur framreikningur sem er á ábyrgð yfirfasteignamatsnefndar.

Á árinu tókst stofnunin á við tvö sérstök verkefni til að bæta fasteignamat: endurmat á fasteignamati jarða og lands utan skipulagðs

þéttbýlis í Mosfellsbæ og endurmat fasteignamats og brunabótamats sumarbústaða á landinu öllu. Ástæða þessa endurmats var að verðmæti lands, sumarbústaða og jarða hefur stórukist um land allt á síðustu árum og endurspegladi fasteignamatið þetta verðmæti ekki nægilega vel.

Brunabótamat er annað opinbert mat sem stofnunin framkvæmir. Það á að endurspeglar þau verðmæti fasteignarinnar sem glatast geta í bruna. Aðstoð sveitarfélaganna við hreppsþúfa ef hús þeirra brunnu var mörkuð í löggjöf til forna. Saga lögbundinna trygginga á þessu sviði hefst á síðari hluta 19. aldar. Til hennar var meðal annars stofnað til að létta framfærsluskuldunni af sveitarfélögum.

Ákvörðun fasteignamats og brunabótamats er mikilvæg og vandasöm starfsemi sem margir hafa hagsmuni af. Fasteignamat ríkisins sinnir því verkefni af ábyrgð og vandvirkni. Stofnunin er vakandi fyrir því að nota nýja tækni og aðferðafræði við framkvæmdina. Tölvutæknin og landupplýsingar skapa nýja möguleika á þessu sviði. Upplýsingar um nýjar fasteignir eru nákvæmar, í rafrænu formi og gefa marga möguleika til tölvuvæddrar matsframkvæmdar.

Gæðastefna Fasteignamats ríkisins er „rétt stjórnarsýsla – virk framleiðsla“. Í því felst að sérhver matsákvörðun sem stofnunin tekur sé efnislega í samræmi við fyrirmæli laga og rétt og hratt framkvæmd. Það er skylda stofnunarinnar gagnvart fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum.

Haukur Ingibergsson, forstjóri



STARFSEMIN Á ÁRINU 2005

Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna og halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Þessu sinnir stofnunin með eftirfarandi hætti:

1. Landskrá fasteigna

Fasteignamat ríkisins heldur og þróar gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar skal skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar fasteigna og hnitsettra eignamarka lands, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum. Þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna er rafræn þinglýsingarbók sýslumanna og geymir m.a. upplýsingar um þinglýst réttindi, svo sem um eigendur, veðbönd og kvaðir.

2. Fasteignamat

Fasteignamat ríkisins metur matsskyldar fasteignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði ár hvert, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma. Frá ársbyrjun 2007 fer álagning sveitarfélaga á fasteignasköttum og fasteignagjöldum fram í Landskrá fasteigna.

3. Brunabótamat

Fasteignamat ríkisins metur allar matsskyldar húseignir brunabótamati sem tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyði-

lagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

4. Fasteignamarkaður

Fasteignamat ríkisins birtir reglulega samþættar upplýsingar um fasteignamarkaðinn byggðar á gagnasöfnun stofnunarinnar.

Endurmat fasteignamats

Á árinu 2005 endurmat Fasteignamat ríkisins fasteignamat jarða og lands utan skipulagðs þéttbýlis í Mosfellsbæ og fasteignamat og brunabótamat sumarbústaða á landinu öllu.

Mosfellsbær óskaði eftir endurmati fasteignamats á jörðum og landi utan skipulags þéttbýlis í sveitarfélaginu. Nýtt mat tók gildi 1. desember. Vegna lagaákvæða um fasteignamat bújarða var mati ekki breytt á eignum þar sem stundaður var búskapur. Við framkvæmdina var stuðst við landupplýsingakerfi sem notað var til að flokka land samkvæmt aðalskipulagi og fleiru í verðmætisflokka. Mat hækkaði á 145 löndum, mest 671 falt en lækkaði á 41 landi, mest 57 falt. Heildarlandmat þeirra landa sem endurmetin voru sexfaldaðist og hækkaði í tæpa 4 milljarða.

Fasteignamat ríkisins lauk endurmati fasteignamats og brunabótamats sumarbústaða á landinu öllu þann 1. júlí og tók það gildi 1. september. Endurmat fasteignamats var framkvæmt að beiðni fjármálaráðuneytisins. Sumarbústaður er hvergi skilgreindur í lögum. Til að marka hóp þeirra eigna sem endurmatið

tók til var miðað við bústaði á skilgreindum sumarbústaðalóðum. Auk sumarbústaða komu til endurmats 5.630 óbyggðar sumarbústaðalóðir. Við framkvæmd endurmatsins var stuðst við landupplýsingarkerfi til að tengja saman markaðsverð og staðsetningu. Fasteignamat sumarbústaðanna, þ.e. samanlagt mat mannvirkja og lóðar, var samtals 37.751 milljón kr. fyrir endurmatið en 46.742 milljónir kr. eftir endurmatið. Samtals er hækkunin 8.991 milljón kr. eða 24%. Lóðarmat óbyggðra sumarbústaðalóða var 3.308 milljónir kr. fyrir endurmatið en eftir endurmatið 3.952 milljónir kr. Samtals var hækkun fasteignamatsins 644,8 milljónir kr. eða 19%.

Þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna

Árið 2005 var árangursríkt í mótun þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna. Skráning fasteignar í þinglýsingarhluta Landskrár fasteignar felst í því að færa upplýsingar úr þinglýsingarbókumsýslumannaáfærslunúmer eignarinnar í fasteignaskrárgrunni Fasteignamats ríkisins. Að lokinni skráningu yfirfer löglærður starfsmaður sýslumannsembættis skráninguna og séu upplýsingarnar samræmdar staðfestir hann færsluna og merkir eignina staðfesta í Landskrá fasteigna. Fasteignamatið hefur umsjón með verkefninu, rekur þjónustuborð þar sem gefnar eru út og veittar leiðbeiningar og kemur að þróun og uppfærslu hugbúnaðar. Hugmyndir hafa komið fram um að þinglýsingar skjala vegna bifreiða, skipa, flugvéla og lausafjár skyldu jafnframt fara fram í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna enda sé það framfaramál fyrir sýslumenn og starfsfólk þeirra að nota eitt tölvukerfi fyrir þinglýsingar í stað fjögurra áður. Staðan á innfærslum í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna tók einnig miklum framförum. Í lok ársins 2005 var fjöldi fasteigna á landinu 166.810 og þar af voru staðfestar í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna 143.515 eða 86% en í byrjun ársins var fjöldi fasteigna 160.963 og þar af staðfestar í þinglýsingarhluta

Landskrár fasteigna 127.872 eða 79,4% svo aukning staðfesta fasteigna nam 6,6%. Fjölgun nýrra fasteigna á tímabilinu nam 4%.

Aukin útgáfa hagrænna upplýsinga

Fasteignamat ríkisins gefur út staðtölur um fasteignamarkaðinn á Íslandi. Vefsetur stofnunarinnar birtir ávallt frétt þegar nýjar tölur eru gefnar út. Á vefsetrinu eru jafnframt vistuð gagnasöfn með tímaröðum og ítarupplýsingum. Mánaðarleg birting upplýsinga um veltu og fjölda kaupsamninga eftir sveitarfélögum, í stærsu sveitarfélögum á landinu, hófst á árinu. Þá bættist Árborgarsvæðið í hóp þeirra staða sem birtar eru um vikulegar upplýsingar um veltu og fjölda kaupsamninga. Þá hófst birting ársfjórðungslegra talna um þróun íbúðaverðs eftir borgarhlutum á höfuðborgarsvæðinu. Tímaráðir um verðþróunina ná aftur til fyrsta ársfjórðungs árið 2004. Á árinu 2005 voru í fyrsta sinn birtar heildartölur um fjölda íbúða á landinu öllu eftir landshlutum, sveitarfélögum og byggingartíma.

Samstarf við Hagstofu Íslands

Samstarf Fasteignamats ríkisins og Hagstofu Íslands var eflt með tilliti til þess að Landskrá fasteigna nýtist betur til hagskýrslugerðar. Gögn úr Landskrá fasteigna eru meðal annars notuð af Hagstofunni við mat á fjármunamyndun nýbygginga í þjóðhagsreikningum og við mat á verðbreytingum íbúðarhúsnæðis í vísitölu neysluverðs. Með samstarfi stofnanna er stefnt að því að Landskrá fasteigna sé hagað þannig að skráin sé upplýsingabrunnur fyrir allar tölfræðilegar upplýsingar um húsnæði sem Hagstofa Íslands og Fasteignamat ríkisins þurfa á að halda. Stærsta þróunarverkefnið er samþætting þjóðskrár og Landskrár fasteigna. Það felur í sér skráningu íbúa samkvæmt þjóðskrá í íbúðir í Landskrá fasteigna. Þannig verður unnt að mynda manntalsupplýsingar á skáarbyggðum gögnum.

Vefsetur

Eins og endranær voru stigin ný skref í þróun vefseturs stofnunarinnar. Opnuð var landfræðileg sýn á upplýsingar í Landskrá fasteigna. Þar með gefst notendum kostur á að finna upplýsingar um fasteignir með því að skoða loftmyndir í stað þess að fletta upp eignum eftir heimilisfangi eða fasteignanúmeri. Þegar bendillinn fer yfir ákveðna fasteign á loftmyndinni opnast gluggi þar sem fram kemur fasteignamat og brunabótamat ásamt auðkennum viðkomandi eignar. Einnig er unnt að smella á myndina og opna færslu í Landskránni fyrir viðkomandi eign. Þá er jafnframt hægt, þegar flett er upp á fasteign með hefðbundnum hætti, að sjá staðsetningu viðkomandi fasteignar og loftmynd af henni.

Vefurinn var gerður enn aðgengilegri fyrir notendur. Til dæmis var komið til móts við þarfir lesblindra með því að notendur geta nú minnkað og stækkað letur og breytt bakgrunnslit svo unnt sé að lesa hvítan texta á bláum grunni. Þá var markvisst unnið að undirbúningi þess að vefurinn hljóti vottun um gott aðgengi fatlaðra. Í árlegri viðhorfskönnun meðal almennings sem Gallup vinnur um Fasteignamat ríkisins kom fram að 23% landsmanna hafa farið inn á fmr.is og um 85% þeirra sem hafa heimsótt vefinn telja að hann sé aðgengilegur og uppfylli vel þarfir þeirra.

Samningur við fjármálaráðuneytið

Þann 12. ágúst var undirritaður árangursstjórnunarsamningur á milli fjármálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins. Samningurinn leysti af hólmi eldri samning frá árinu 2001 sem gildi til fimm ára. Í samningnum er meðal annars kveðið á um að stofnunin geri langtímaáætlun fyrir tímabilið 2006 til 2010 og ársáætlun á hverju ári á grundvelli hennar. Að loknu hverju starfsári mun stofnunin gera grein fyrir árangri liðins árs.

Langtímaáætlun

Á grundvelli árangursstjórnunarsamningsins við fjármálaráðuneytið var gerð langtímaáætlun fyrir tímabilið 2006 til 2010. Þar er gerð grein fyrir verkefnum, forgangsröðun og áherslum á tímabilinu. Samkvæmt áætluninni eru megináherslur stofnunarinnar að:

- 1) veita góða þjónustu og viðhafa rétta stjórn-sýslu og virka framleiðslu,
- 2) halda við og bæta aðferðafræði við fasteigna- og brunabótamat,
- 3) fullgera ýmsar sérskrár sem eru hluti af Landskrá fasteigna,
- 4) halda uppi virku gæðakerfi fyrir alla meginþætti starfseminnar,
- 5) efla og bæta úrvinnslu og útgáfu hagrænna upplýsinga,
- 6) hnitsetja fasteignir og auka notkun land-upplýsinga,
- 7) gera vefinn að helsta samskipta- og upplýsingavettvangi stofnunarinnar.

Jafnréttisáætlun

Í samningi fjármálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins er kveðið á um að fyrir 30. nóvember 2005 skuli stofnunin gera jafnréttisáætlun. Þann 3. október 2005 var jafnréttisáætlunin samþykkt. Markmið Fasteignamats ríkisins með gerð jafnréttisáætlunar er að jafna stöðu kynjanna hjá stofnuninni í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í þessu felst að stofnunin mun tryggja að karlar og konur njóti sömu tækifæra til þjálfunar og frama og að starfsmenn séu metnir að verðleikum óháð kynferði. Jafnframt mun stofnunin markvisst vinna að því að störf innan hennar séu ekki flokkuð sem sérstök kvenna- eða karlastörf og tryggja að launaákvörðun miðist við að karlar og konur njóti sömu kjara fyrir jafn verðmæt störf.

REKSTRARREIKNINGUR

ÁRSINS 2005

	2005	2004
	<i>pús. kr.</i>	<i>pús. kr.</i>
Tekjur		
Umsýslugjald	279.741	281.066
Afnotagjöld af fasteignaskrá	229.031	189.074
Þjónustutekjur	17.703	13.644
Tekjur alls	526.475	483.784
Gjöld		
Launagjöld	344.561	298.215
Ferða- og dvalarkostn., fundir, námskeið	18.667	19.974
Rekstrarvörur	10.641	9.576
Aðkeypt þjónusta	140.508	107.687
Húsnæðiskostnaður	36.875	39.616
Bifreiðar og vélar	5.042	3.989
Ýmislegt – tilfærslur og vaxtagjöld	1.676	2.035
Rekstrargjöld samtals	557.970	481.092
Eignakaup	34.246	23.989
Gjöld alls	592.216	505.081
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	-65.741	-21.297
Ríkisframlag	72.600	104.200
Tekjuafgangur (halli)	6.859	82.903

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2005

	2005	2004
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	219.587	161.659
Handbært fé	51.738	18.747
Ríkissjóður	29.736	
Veltufjármunir samtals	<u>271.325</u>	<u>210.142</u>
Eignir alls	<u><u>271.325</u></u>	<u><u>210.142</u></u>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	196.258	113.355
Tekjuafgangur (halli) á árinu	<u>6.860</u>	<u>82.903</u>
Eigið fé samtals	<u>203.118</u>	<u>196.258</u>
Skammtímaskuldir:		
Ríkissjóður	38.352	0
Viðskiptaskuldir	29.855	13.884
Skammtímaskuldir samtals	<u>68.207</u>	<u>13.884</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>271.325</u></u>	<u><u>210.142</u></u>


ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Dagana 20. júlí til 7. ágúst 2005 gerði Gallup símakönnun á viðhorfum og mati almennings á Fasteignamati ríkisins. Gallup hefur gert svipaðar kannanir frá árinu 2000 og hafa helstu niðurstöður jafnan birst í Ársskýrslu Fasteignamatsins. Niðurstöður úr síðustu könnun eru settar fram í skífuriti en til hliðsjónar er þróunin frá árinu 2000 sýnd með línuriti.

Ímynd Fasteignamats ríkisins


► Hversu vel þekkja Íslendingar hlutverk Fasteignamats ríkisins?

Þegar spurt var hversu vel fólk þekkti til hlutverks Fasteignamats ríkisins svöruðu 28% því til að þeir teldu sig þekkja vel til stofnunarinnar, 57% töldu sig þekkja illa til stofnunarinnar og 15% aðspurðra svöruðu því til að þeir þekktu hvorki vel né illa til hennar. Aldrei hefur hærra hlutfall talið sig þekkja vel hlutverk stofnunarinnar og hefur það nærri tvöfaldast frá því að reglulegar mælingar hófust árið 2000.



► Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins


Hlutfall þeirra sem voru jákvæðir gagnvart Fasteignamati ríkisins var 41% en hlutfall þeirra sem voru neikvæðir var 18%. Hlutfall þeirra sem tóku ekki afstöðu var 41%. Hlutfall þeirra sem voru jákvæðir gagnvart stofnuninni stóð í stað milli áruna 2004 og 2005.



ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN


► Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Fasteignamat ríkisins er traust stofnun að mati 72% þeirra sem spurðir voru í könnuninni, en 13% töldu stofnunina vera ótrausta. Hlutfall þeirra sem voru hlutlausir í sinni afstöðu var 15%. Hlutfall þeirra sem töldu stofnunina trausta var nokkru lægra en árið 2004 en jafnhátt og árið þar á undan.



► Er Fasteignamat ríkisins framsækin eða íhaldssöm stofnun?


Rúmlega 10% aðspurðra töldu Fasteignamat ríkisins vera framsækna stofnun, 76% töldu hana vera íhaldssama en 13% töldu hana hvorki vera framsækna né íhaldssama. Hlutfall þeirra sem telja stofnunina framsækna hefur haldist óbreytt undanfarin ár.



FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2005

Veltan á árinu 2005

Umfang fasteignaviðskipta hélt áfram að vaxa á árinu 2005, bæði í krónum talið og fjölda kaupsamninga, eins og það hafði gert stöðugt frá árinu 2001. Fjöldi kaupsamninga á landinu var tæplega sextán þúsund og upphæð veltunnar ríflega þrjú hundruð og tólf milljarðar.



Mynd 1

Tæplega 40% þeirra kaupsamninga sem gerðir voru á árinu 2005 voru vegna fasteigna utan höfuðborgarsvæðisins. Það er nokkuð hærra hlutfall en árið á undan og reyndar hafa kaupsamningar um eignir á landsbyggðinni verið innan við 30% af heildarfjölda kaupsamninga á landinu öllu undanfarin ár. Suðurland og Norðurland eystra áttu hvort um sig 9,5% af heildarfjöldanum árið 2005 og jókst hlutur þeirra úr því að vera 6,9% á Suðurlandi og 6,7% á Norðurlandi eystra árið á undan. 8,4% kaupsamninganna voru á Suðurnesjum árið 2005 en hlutfallið var 5,3% árið 2004. Eignir á Vesturlandi voru 4,9% kaupsamninganna sem er lítil breyting frá árinu á undan þegar hlutfallið var 4,6%. Á Austurlandi var hlutfallið 3,4% árið 2005 og hafði hækkað úr 2,9% frá því árið á undan. Hlutdeild Norðurlands vestra í heildarfjölda kaupsamninga á landinu var hið sama árin 2004 og 2005, eða 1,6%. Hlutdeild Vestfjarða í fjölda kaupsamninga jókst hins vegar úr 1,4% árið 2004 í 1,9% árið 2005.

Íbúðabyggingar

Undanfarin ár hafa verið tímar mikilla framkvæmda í byggingariðnaði. Athyglisvert er að skoða annars vegar hvernig allur íbúðastofninn dreifist á landshlutana og hins vegar hvernig íbúðir sem reistar eru eftir 1995 dreifast á þá. Með því að bera hlutdeild tiltekins landshluta í íbúðum reistum síðastliðin 5 ár saman við hlutdeild sama landshluta í íbúðastofninum öllum sést greinilega hvort hann hafi verið að auka eða minnka hlutdeild


sína í íbúðastofninum á tímabilinu. Í árslok 2005 voru 63% allra íbúða á landinu á höfuðborgarsvæðinu. Þegar litið er til íbúða í húsum sem reist voru á landinu á árunum 2001 til 2005 voru 66% þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Það er að segja höfuðborgarsvæðið á stærri hlut í uppbyggingu íbúða á landinu á síðastliðnum fimm árum en það á í heildaríbúðastofni landsins.

FASTEIGNAMARKAÐURINN

Á ÁRINU 2005

Hlutdeild Suðurnesja í íbúðastofninum öllum var 5% en hlutdeild landshlutans í íbúðum reistum á árunum 2001 til 2005 var hins vegar 7%. Á Vesturlandi voru rúmlega 5% allra íbúða sem reistar voru á landinu síðastliðin fimm ár en það er örlítið hærra en hlutfall landshlutans í íbúðastofninum sem var rétt tæplega 5%. Vestfirðir eiga 3% alls íbúðastofns landsins en fjöldi íbúða sem reistar voru þar á árunum 2001 til 2005 nær ekki einum hundraðshluta af þeim sem reistar voru á landinu á þessu tíma. Á Norðurlandi vestra var hlutdeild íbúðastofnsins 3% við árslok 2005 og nýjar íbúðir síðastliðinna fimm ára rúm 2% af fjölda nýrra íbúða á landinu. Á Norðurlandi eystra eru samsvarandi tölur 9% og 8% og 4% og 3% á Austurlandi. Suðurland átti 7% af íbúðastofninum í árslok 2005 en tæp 11% af íbúðum reistum á árunum 2001 til 2005.

Á mynd 2 má sjá hlutdeild hvers landshluta í íbúðastofni alls landsins ásamt hlutdeild í íbúðum reistum á árunum 2001 til 2005. Landshlutar, þar sem hlutdeild nýrra íbúða síðastliðin fimm ár er hærri en hlutdeild þeirra í íbúðastofninum öllum, eru gulir að lit. Landshlutar, þar sem hlutdeild nýrra íbúða síðastliðin fimm ár er lægri en hlutdeildin í íbúðastofninum, eru bleikir.




Mynd 2

Athyglisvert er að skoða sérstaklega hver þróun íbúðabygginga hefur verið á höfuðborgarsvæðinu* og hvernig hún er breytileg á milli þéttbýlissveitarfélaganna sem mynda það. Reykjavík ber höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög hvað varðar fjölda íbúða. Við árslok 2005 tilheyrðu 65% íbúða höfuðborgarsvæðisins Reykjavík. Næsthæst var hlutfallið í Kópavogi en þar voru 14% íbúðanna. Þar á eftir kemur Hafnarfjörður með 11%, þá Garðabær með 4%, Mosfellsbær með 3%, Seltjarnarnes með 2% og loks Álftanes með tæplega 1%. Hlutfallsskipting íbúða sem reistar voru á árunum 2001 til 2005 raðar sveitarfélögum í sömu röð að öðru leyti en því að Álftanes og Seltjarnarnes skipta um sæti. Þegar hlutfall nýrra íbúða er borið saman við hlutfall viðkomandi sveitarfélags í íbúðastofni svæðisins kemur í ljós að í tveim sveitarfélögum er hlutfall íbúða sem reistar voru á síðastliðnum fimm árum lægra en hlutfallið í íbúðastofninum. Í Reykjavík voru aðeins 45% þeirra íbúða sem reistar voru á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2001 til 2005 en eins og áður segir eru 65% allra íbúða svæðisins þar. Á Seltjarnarnesi var innan við einum hundraðshluta nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu. Hafnarfjörður sækir mest í sig veðrið af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þar voru tæp 19% nýrra íbúða samanborið við tæp 11% af stofninum. Næst á eftir kemur Kópavogur þar sem voru 20% nýrra íbúða en tæplega 14% allra íbúða á svæðinu. Þar á eftir er Mosfellsbær með rúmlega 6% nýrra íbúða en rúmlega 3% af íbúðastofninum, þá Garðabær þar sem eru 4% allra íbúða en tæplega 7% nýrra íbúða og loks Álftanes með tæplega 3% þeirra íbúða sem reistar voru árin 2001 til 2005 en 1% af íbúðastofni höfuðborgarsvæðisins við árslok 2005. Þannig hefur dregið úr vægi gamla Seltjarnarnessins í þróun borgarinnar á meðan vöxtur hefur fyrst og fremst verið til suðurs en einnig til norðurs.

* Hér eru talin til höfuðborgarsvæðisins: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær. Kjósarhreppur er hér ekki talinn með sem að öllu jöfnu er talinn til höfuðborgarsvæðisins.


Á mynd 3 má sjá hlutdeild hvers sveitarfélags í íbúðastofni höfuðborgarsvæðisins ásamt hlutdeild í íbúðum reistum á árunum 2001 til 2005. Sveitarfélög, þar sem hlutdeild nýrra íbúða síðastliðin fimm ár er hærrí en hlutdeild í íbúðastofninum öllum, eru merkt með gulum lit. Sveitarfélög, þar sem hlutdeild nýrra íbúða síðastliðin fimm ár er lægri en hlutdeildin í íbúðastofninum, eru bleik að lit.



Mynd 3

Þróun íbúðaverðs

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði skarpt framan af ári 2005 en heldur dró úr hækkuninum á seinni hluta ársins. Tólf mánaða breyting vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem fól í sér miklar og nokkuð jafnar hækkunir frá hausti 2004 þegar viðskiptabankarnir hófu að veita almenn íbúðalán, náði hámarki í ágúst 2005 en þá hafði íbúðaverðið hækkað um rúm 40% frá sama mánuði árið áður.




Mynd 4

Á mynd 4 gefur að líta tólf mánaða breytingar á íbúðaverði frá árinu 1998. Rauða línan sýnir almenna þróun íbúðaverðs, bláa línan sýnir þróun íbúðaverðs í fjölbýlí og græna línan sýnir þróunina fyrir sérbylí. Þar má sjá að

hækkunarhrinin sem gekk yfir á árunum 1999 og 2000 eftir margra ára ládeyðu á fasteignamarkaði var hálfdrættingur á við þá sem hófst haustið 2004. Síðari bylgjan er einnig frábrugðin þeirri fyrri að því leyti að þá hækkaði verð á sérbylí mun meira en verð á fjölbýlí, en áður héldust þessar stærðir nokkuð í hendur.

Þróun fasteignaverðs í einstökum landshlutum 1990 til 2005



Mynd 5

Mynd 5 sýnir þróun íbúðaverðs eftir landshlutum frá árinu 1990. Miðað er við einfalt meðaltal fermetraverðs íbúðarhúsnæðis. Þegar fasteignaverð tók að hækka undir aldar-


Breytingar á ársmeðaltölum íbúðaverðs m.v. árið 2005

	Höfuðborgarsvæðið	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Milli 2004 og 2005	32,40%	22,30%	18,40%	21,10%	23,90%	17,60%	21,30%	26,00%
Frá 2000	86,90%	86,30%	81,40%	36,30%	46,90%	65,20%	89,40%	92,00%
Frá 1995	176,90%	126,50%	127,10%	25,60%	51,20%	112,10%	108,20%	154,60%
Frá 1990	226,70%	191,80%	226,10%	57,30%	101,00%	156,00%	182,80%	209,10%

Tölurnar eru byggðar á meðaltali fermetraverðs íbúðarhúsnæðis.

lok mynduðust skýrar línur í verðþróuninni eftir landshlutum. Höfuðborgarsvæðið og aðlægir landshlutar, Vesturland, Suðurland og Suðurnes hækkuðu mest. Þar á eftir kom Norðurland eystra þar sem er að finna stærsta þéttbýliskjarnann fjarri höfuðborginni. Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland ráku svo lestina með ótvírætt minni verðhækkunum. Íbúðaverð á Austurlandi tók snarpan kipp árið 2004 sem skýrist án nokkurs vafa af virkjana- og álversframkvæmdum. Þar héldu hækkanirnar áfram milli ára 2004 og 2005 þótt ekki væri í sama mæli og árið á undan. Athygli vekur að íbúðaverð á Vestfirðum og Norðurlandi vestra hefur sótt í sig veðrið og fylgir betur en áður þróuninni annars staðar á landinu. Íbúðaverð á Vestfirðum hækkaði um 21% og á Norðurlandi vestra um 24% á milli ára 2004 og 2005 og greinilega sést á myndinni hvernig ferill fyrir þessa landshluta hefur tekið afgerandi stefnu upp eftir langvarandi nánast lárétta siglingu. Í töflunni hér að ofan getur að líta þróun íbúðaverðs eftir landshlutum frá árunum 1990, 1995, 2000 og 2004 til 2005.

Á mynd 6 er sýnd þróun íbúðaverðs í fjölbýli eftir borgarhlutum frá fyrri hluta árs 2004. Efstu súlurnar sýna verðbreytingar á milli fyrri og seinni helmings ársins 2005. Súlnar í miðjunni sýna breytingarnar á milli seinni helmings ársins 2005 og seinni helmings ársins á undan og neðstu súlurnar sýna breytingar á verði milli seinni hluta ársins 2005 og fyrri hluta árs 2004.



Mynd 6

Þegar skoðaðar eru breytingar milli fyrri og seinni hluta árs 2005 kemur í ljós að íbúðaverðið hækkaði mest í Garðabæ (22%) en þar á eftir kemur Kópavogur sunnan Kópavogslækjar (18%), þá Grafarholt og Seltjarnarnes (16%). Þegar litið er á breytingarnar frá fyrri hluta ársins 2004 til seinni hluta árs 2005 hefur Garðabær einnig vinninginn (52%) en Grafarholt og Seltjarnarnes fylgja fast á eftir (51%), því næst gamli bærinn innan Hringbrautar (49%) og Hafnarfjörður (46%).

Verðþróun borgarhluta yfir hið mikla hækkunartímabil undanfarinna tveggja ára fylgir engu augljósu landfræðilegu mynstri líkt og greina mátti í verðþróun landshlutanna þar sem nálægð við sterka kjarna, höfuborgarsvæðið og Akureyri, skýrði hækkunir. Innan höfuborgarsvæðisins er miklar hækkunir að finna jafnt í austri sem vestri. Það svæði sem kalla mætti miðsvæði eða kjarna á höfuborgarsvæðinu er stórt og dreift og virðist fremur stækka heldur en að byggð og athafnalíf þjappist saman á ákveðnu svæði, líkt

og sjá má með skýrum hætti þegar horft er á landið í heild (sbr. mynd 5) þar sem kjarnahlutverk höfuborgarsvæðisins styrkist. Þetta rýmar einnig við þróunina sem lýst er á mynd 3 hér að framan.

Hafa verður í huga að miklar byggingaframkvæmdir hafa verið á höfuborgarsvæðinu undanfarin misseri. Mikil endurnýjun hefur orðið á íbúðastofninum í sumum borgarhlutum en engin í öðrum. Fyrir vikið kunna verðhækkunir sums staðar að skýrast að hluta af því að gæði íbúða á viðkomandi stað hafi aukist og minni verðhækkunir annars staðar að skýrast af því að þar eru íbúðir að eldast. Þannig má til dæmis benda á að í gamla bænum hafa nýjar og vandaðar íbúðir leyst af hólmi úreltar og úr sér gengnar sem kann að valda ofmati á verðhækkunum þar. Með sama hætti kunna verðhækkunir til dæmis í Árbæ, Selási og Ártúnsholti, þar sem engin endurnýjun á sér stað og íbúðastofninn eldist, að vera vanmetnar samanborið við aðra borgarhluta.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD¹⁾

Jón Rúnar Sveinsson

Á fyrstu áratugum 20. aldarinnar varð smám saman ljóst að þörfin fyrir mótun opinberra húsnæðisstefnu á Íslandi fór vaxandi. Húsnæðismálin, sem fram að þessu höfðu einkum verið viðfangsefni einstakra sveitarfélaga, urðu í auknum mæli verkefni hins uppvaxandi íslenska ríkisvalds.

Þegar í byrjun fjórða áratugarins varð sjálfseign ofan á sem ríkjandi eignarform félagslegra íbúða. Brautarfylgni félagslega eignaríbúðaförmsins hélt síðan velli út öldina þrátt fyrir reglulegt endurmat á heildarstefnunni gegnum árin. Hér á landi hefur á hinn bóginn verið lögð takmörkuð áhersla á byggingu leiguíbúða undir félagslegum formerkjum.

Við lok síðari heimsstyrjaldar voru húsnæðismálin áberandi í umræðum stjórnmalanna, líkt og raunin var á meðal nágrennaþjóðanna. Á Íslandi átti þó heill áratugur eftir að líða áður en húsnæðisstefna eftirstriðsáranna fór að öðlast skýrar útlínur.

Megineinkenni íslenska húsnæðiskerfisins hafa öðru fremur verið þessi:

- Sveitarfélög og húsnæðisfélög hafa allt til loka tíunda áratugarins nær eingöngu staðið að byggingu eignaríbúða, sem hafa verið hið ríkjandi eignarform húsnæðis í landinu.

- Algengt var að menn byggðu sjálfir húsnæði sitt, sem ásamt örum hagvexti hefur haft í för með sér útbreidda sjálfseign og almennt vandað húsnæði, þrátt fyrir takmarkað umfang opinberra húsnæðis- aðgerða mestalla öldina.
- Um miðjan níunda áratuginn jukust ríkisafskipti hins vegar verulega, sem byggðu á þeirri stofnanaformgerð sem orðið hafði til á sjötta og sjöunda áratugnum.
- Verkalýðshreyfingin hefur verið þýðingarmikill aðili við mótun húsnæðisstefnunnar, annars vegar í tengslum við almenna kjarasamninga á vinnumarkaði og hins vegar með aðild sinni að stjórn lífeyrissjóðakerfisins.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt hvernig eignarform húsnæðis þróaðist í megindrátum árin 1920-1990.

Eignaríbúðir hafa sem sjá má verið hið ríkjandi eignarform mest allan þann tíma sem hér er til umfjöllunar. Eignaríbúðir innan ramma félagslegra eignarforma, þ.e. verkamannabústaðakerfið, náði mestu umfangi á níunda og tíunda áratugnum, var ríflega 6% af öllu húsnæði í landinu. Árið 1980 voru um 2% húsnæðis landsmanna félagslegar leiguíbúðir; um árpúsundamótin 2000 hafði þetta hlutfall hækkað í um 5%

	1920	1940	1950	1960	1990
Eigið húsnæði	47,3%	56,2%	63,9%	70,3%	89,0%
Leiguhúsnæði	52,7%	43,8%	36,1%	29,7%	11,0%
SAMTALS	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Heimild: Hagstofa Íslands 1997: 374.

1 Grein þessi er þýðing, endursögn og að nokkru leyti endursamning á: Jón Rúnar Sveinsson, „Island – självägande och fackligt inflytande“, í Bo Bengtsson, (ritstj.), Erling Annaniassen, Lotte Jensen, Hannu Ruonavaara og Jón Rúnar Sveinsson, *Varför så olika? Nordisk bostadspolitik i jämförande historiskt ljus* (Malmö, 2006), bls. 279-323.

2 Jón Rúnar Sveinsson, „Sociala bostäder på Island: utvecklingstrender och framtidsutsikter“, *Allmännyttiga och sociala bostäders framtid i Norden* (Kaupmannahöfn, 2003), bls. 63-73.



Stytta af Hédni Valdimarssyni við Hringbraut

Meginþættir þróunar húsnæðis-kerfisins – þróunarstig og stefnuhvörf

Upphafsskeiðið hófst við lok þriðja áratugarins, þegar frumvarp Hédins Valdimarssonar til laga um verkamannabústaði var samþykkt.³⁾ Þar með var einkaeigninni mörkuð braut sem megineignarform félagslegra íbúðabygginga á Íslandi út 20. öldina. Tilurð laganna um verkamannabústaði árið 1929 telst því vera fyrstu stefnuhvörf húsnæðisstefnunnar héraendis. Öðrum valkostum, svo sem útleigu

hins félagslega húsnæðis sem byggt yrði, var hafnað, en án nokkurrar markvissrar opinberrar umræðu að því er best verður séð. Hún virðist t.d. ekki hafa átt sér stað í umfjöllun Alþingis 1929 um málið.

Með hernámi Íslands árið 1940 hófst langvarandi mótunartímabil íslenskrar húsnæðisstefnu. Á stríðsárunum ríkti alvarleg kreppa í húsnæðismálum í höfuðborginni. Þegar við styrjaldarlokin hefðu vatnaskil getað orðið í húsnæðismálum þjóðarinnar með svipuðum hætti og urðu í öllum okkar helstu nágrennlöndum. Nýsköpunarstjórnin 1944-1947, er samanstóð af helstu meginöflum íslenskra stjórn mála, virtist hafa bæði viljann og getuna til þess að móta heildstæða húsnæðisstefnu fyrir eftirstríðstímann. Nýsköpunarstjórnin féll hins vegar eftir aðeins tveggja ára valdasetu og þar með má segja að þetta gullna tækifæri hafi gengið forystumönnum þjóðarinnar úr greipum, samtímis því sem efnahagsástandið versnaði til muna á síðasta þriðjungi fimmta áratugarins.

Smám saman hófst þó uppbyggingarskeiðið. Á fyrri hluta fimmta áratugarins höfðu margar fjölskyldur notað umtalsverða tekjuaukningu stríðsáranna til þess að koma þaki yfir höfuðið. Þetta varð hins vegar mun torveldara eftir tilkomu hinna illræmdu innflutningshafta árið 1947. Í því augnamiði að koma íbúðabyggingum almennings aftur á rekspól var skattlagning vinnu við eigin húsnæðisbyggingar afnumin árið 1949 og í byrjun sjötta áratugarins hóf borgarstjórnarmeirihluti sjálfstæðismanna skipulega að styðja slíkt framtak almennings. Árið 1952 fylgdi ríkisvaldið svo í kjölfarið með stofnun Lánadeildar smáíbúða.⁴⁾

Stofnanaumhverfi húsnæðiskerfisins tók þannig á sig form með tilurð opinberra lánveitinga og síðan stofnun húsnæðismálastjórnar og Húsnæðismálastofnunar ríkisins á árunum 1955-1957.⁵⁾ Ekki var þó unnt að veita hærri lán en sem námu 20-30% af byggingar-

3 Lög um verkamannabústaði, nr. 45/1929.

4 Lög um breytingu á lögum, nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupúnum, nr. 27/1952.

5 Lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, nr. 55/1955; lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á 1. kafla laga nr. 36/1952 o.fl., nr. 42/1957.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD



*Næstum alla 20. öldina tíðkaðist sá háttur að einstaklingar reistu sjálfir sitt eigið íbúðarhúsnæði
(Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur)*

kostnaði jafnframt því sem viðskiptabankarnir gátu einungis veitt skammtímalán. Sjálfbjargarviðleitni almennings hafði því geysimikla þýðingu eftir sem áður.

Stuðningurinn við sjálfbjargarviðleitni húsbjuggjenda um 1950 og tilurð Húsnæðismálastofnunar ríkisins um svipað leyti mynda önnur stefnuhvörf íslenskrar húsnæðisstefnu, í rauninni stofnanafestingu sjálfshjálparstefnunnar í húsbýggingum landsmanna.

Áhrif vaxandi verðbólgu ásamt almennt batnandi lífskjörum ýttu enn frekar undir frumkvæði almennings við eigin húsnæðisöflun. Árið 1958 var svo sigurför sjálf-eignarstefnunnar í húsnæðismálum staðfest með hinum sögulega sigri Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík, þar sem deilur um grundvallarþætti húsnæðisstefnunnar áttu stóran hlut að máli.

Um miðjan sjöunda áratuginn tókust tvívegis veigamiklir samningar á almennum vinnu- markaði þar sem húsnæðismál komu mjög við sögu og er þar að finna þriðju stefnuhörf íslenska húsnæðiskerfisins. Þessi samningagerð átti eftir að hafa mótandi áhrif fyrir þróunina á komandi áratugum, jafnframt því sem aðkoma verkalýðshreyfingarinnar að húsnæðismálum hefur verið meginfarvegurinn hér á landi fyrir áhrif vinstri afla á húsnæðisstefnuna, en þau hafa, sem kunnugt er, átt mun sjaldnar aðild að ríkisstjórnun en raunin hefur verið á hinum Norðurlöndum. Kjarasamningar af þessu tagi urðu með tímanum að fastmótuðu stofnanamynstri í samskiptum aðila vinnumarkaðarinnar, sem náðu hámarki sínu á níunda áratugnum, hvað mótun húsnæðisstefnunnar áhrærði.

Uppbyggingarskeiðið náði hámarki á seinni hluta áttunda áratugarins. Sá áratugur stendur í raun upp úr, eftir á séð, sem hápunktur og mesta „hreinræktun“ sjálfseignarstefnu Íslendinga á eftirstriðstímanum. Mót áttunda og níunda áratugarins marka síðan upphaf á nýju tímaseiði í húsnæðisstefnu þjóðarinnar. Færri íbúðabyggingar og batnandi ástand húsnæðismála á þessum tíma marka kaflaskipti yfir í tímabil sem nefna má rekstrarskeið.

Upphaf rekstrarskeiðsins mótaðist af sterkum kreppueinkennum á tíma allt að 100% verðbólgu á upphafsárum níunda áratugarins. Viðbrögð ríkisvaldsins voru ómarkviss og til sögunnar komu nýjar almannahreyfingar sem settu fram öfluga kröfugerð í húsnæðismálum. Niðurstaða þessarar þróunar varð umbylting á aðkomu ríkisvaldsins að húsnæðismálum hvað varðaði lánastarfsemi Húsnæðisstofnunar, sem á aðeins einum áratug breyttist úr því að vera aðgerðarminnsta húsnæðislánastofnun á Norðurlöndum í að vera sú öflugusta. Þessa þróun á árunum 1982-1984 má líta á sem fjórðu stefnuhörf íslenskrar húsnæðisstefnu á tuttugustu öldinni. Breyting-

arnar á níunda ártugnum urðu þó öðru fremur til þess að styrkja verulega og festa í sessi þá stofnanabundnu formgerð og eignarform sem þegar voru til staðar, jafnvel þótt í nokkrum mæli væri stuðlað að aukinni byggingu leiguíbúða, jafnframt því sem eignaríbúðir héldu ríkjandi stöðu innan félagslega íbúðakerfisins. Einnig áttu sér stað lítilsháttar tilraunir með búseturéttarformið sem nýjan valkost í húsnæðismálum. Tilhneigingin til samráðsstefnu í „korporatífum“ anda náði hámarki árið 1986 er mótað var nýtt húsnæðislánakerfi sem byggðist á notkun fjármagns lífeyrissjóðanna í þágu húsnæðislánakerfisins.

Loks hefur tímabilið eftir 1995 falið í sér nýtt mótunarskeið íslenskrar húsnæðisstefnu, sem einkennist af umbreytingu frá áframhaldi og styrkingu fyrri stefnu, yfir í æ greinilegri fráhrarfsstefnu frá fyrri stjórnunarráttum og stofnanalegri formgerð. Árið 2004 hófu viðskiptabankarnir harða samkeppni við Íbúðalánasjóð og áhrifamiklir aðilar setja nú spurningarmerki við áframhaldandi tilverurétt húsnæðislána á vegum hins opinbera. Fráhrarfsstefnan markar fimmtu stefnuhörf íslenskrar húsnæðisstefnu.

Tímasetning stefnuhvarfanna er engan veginn fyrirfram gefin, heldur endurspeglar hún þá þætti íslenskrar húsnæðisstefnu sem hér er reynt að varpa á ljósi. Fjórir mikilvægustu þættir hennar: eignarhaldið, eigin húsnæðisbyggingar, hin stóreflda aðkoma ríkisins að fjármögnuninni frá og með 1986 og hin vaxandi áhrif verkalýðshreyfingarinnar eftir miðjan sjöunda áratuginn, kalla hver um sig á sérstök húsnæðispólitísk stefnuhörf, þau fimmtu eru loks fólgin í yfirstandandi brotthvarfi ríkisins af hinu húsnæðispólitíska leiksviði.

Hið langa upphafskeið (1929–1949)

Upphafsskeið íslenskrar húsnæðisstefnu hófst síðar en hliðstæð þróunarskeið á hinum

Norðurlöndunum og stóð einnig yfir talsvert lengur, því heill áratugur leið frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar þar til heildstæð húsnæðisstefna mátti heita fastmótuð. Kreppuárin og stríðsárin höfðu í för með sér ákveðna blindgötu, sem tafði að unnt væri að takast á við nýtt mótunarskeið í húsnæðismálum. Þegar stefnan í húsnæðismálum – seint um síðir – var mótuð, reyndist hún öðru fremur byggjast á áherslum á að flestir byggðu sjálfir yfir sig húsnæði sem væri alfarið þeirra eign.

Þéttbýlismyndun, iðnvæðing og nútíma-
væðing þjóðfélagsins átti sér stað mun síðar á Íslandi en raunin var í nágrannalöndum okkar. Framþróun kapítalísks markaðshagkerfis átti sér t.a.m. stað tveimur til þremur áratugum síðar en í Svíþjóð og Noregi.⁶ Þetta seinkaði svo tilurð skipulagðrar verkálýðshreyfingar og pólitísku flokkakerfis. Hröð þéttbýlismyndun átti sér hins vegar stað allar götur frá því um 1890; til 1930 jókst samanlagður íbúafjöldi allra þéttbýlisstaða landsins úr 8.000 í 61.000 manns, og árið 1925 fór hlutfall þeirra sem bjuggu í þéttbýli yfir 50% af heildaríbúafjölda landsins.⁷

Það er vart tilviljun að húsnæðismál þjóðarinnar fóru að verða sérstakt viðfangsefni á árunum um 1930. Ríkisvaldið, sveitarfélögin og ekki síst stjórnmalaflokkarnir byrjuðu um þetta leyti að láta sig þessi mál varða á kerfisbundinn hátt. Þar sem um helmingur allra þéttbýlisbúa í landinu bjó um þessar mundir í Reykjavík, var það í hæsta máta eðlilegt að einmitt húsnæðismál íbúa höfuðstaðarins bæri einna mest á góma. Húsnæðisástandið hafði komist á dagskrá í sérstakri húsnæðisrannsókn sem bæjarstjórn Reykjavíkur stóð fyrir sumarið 1928. Lélegar húsnæðisaðstæður – t.d. búseta í kjallara- og

risíbúðum – höfðu verið teknar til meðferðar í bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem Héðinn Valdimarsson gerði sér far um að vekja máls á ástandinu. Könnunin náði til alls húsnæðis í Reykjavík og var mikilvægur upplýsingagrunnur fyrir húsnæðisumræður næstu ára.⁸

Á hinn bóginn töldu menn það engan veginn sjálfgefið að á vettvangi stjórnmalanna væri tímabært að aðhafast eitthvað varðandi húsnæðisaðstæður ört vaxandi þéttbýlisstaða. Mikill meirihluti alþingismanna var á þessum tíma fulltrúar landsbyggðarkjördæma og margir þeirra höfðu verulegar efasemdir um hinn mikla vöxt Reykjavíkur og þéttbýlisins almennt. Þetta hugarfar endurspeglast í þeirri staðreynd, að fyrsta löggjöf Alþingis sem lét húsnæðismál landsmanna til sín taka snerti stofnun Byggingar- og landnámsstjóðs, sem m.a. lánaði fé til byggingar og endurbóta íbúðarhúsa í sveitum landsins.⁹

Lögin um verkamannabústaði

Árið 1927 settist einsflokksstjórn Framsóknarflokksins að völdum með stuðningi Alþýðuflokksins. Þrátt fyrir verulegt kjörfylgi hafði Alþýðuflokkurinn sökum úreltrar kjördæmaskipunar aðeins yfir 4 þingsætum að ráða og varð því að láta sér nægja að styðja framsóknarstjórnina, án þess að hljóta eigin ráðherrastóla.¹⁰ Fyrir veittan stuðning við ríkisstjórnina áttu jafnaðarmenn eigi að síður vissa möguleika á að hafa áhrif á stjórnarstefnuna.

Vorið 1929 voru lög um verkamannabústaði samþykkt á Alþingi. Upphafsmenn frumvarpsins voru þingmenn Alþýðuflokksins og flytjandi þess var Héðinn Valdimarsson.¹¹

6 Gunnar Karlsson, *Iceland's 1100 Years – The History of a Marginal Society* (Reykjavík, 2001); Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík, 2002).

7 Hagstofa Íslands, *Hagskinna – Sögulegar hagtölur um Ísland* (Reykjavík, 1997), bls. 90.

8 Bæjarstjórn Reykjavíkur, *Skýrslur um húsnæðisrannsóknina í Reykjavík 1928* (Reykjavík, 1930).

9 Lög um Byggingar- og landnámsstjóð, nr. 35/1928.

10 1934–1938, eftir að kjördæmaskipanin hafði verið leiðrétt, settist Alþýðuflokkurinn í fyrsta sinn í ríkisstjórn, þ.e. „Stjórn hinna vinnandi stétta“, enda þingmenn flokksins orðnir 10 talsins.

11 Héðinn lagði einnig fram frumvarp sama efnis á þinginu 1928, en þá komst málið aldrei á dagskrá.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD



Hús Óskars Magnússonar verkamanns við Blesugróf. Húsið þurfti að víkja þegar lögð var akbraut upp í Breiðholt þegar byggingaframkvæmdir hófust þar (Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur)

Frumvarpið breyttist nokkuð í meðförum þingsins og var því ákvæði t.d. bætt inn fyrir tilstilli Tryggva Þórhallssonar og framsóknarmanna, að byggingarfélag verkamanna væru með samvinnusniði. Samkvæmt lögnum var heimilað að veita lán til byggingar verkamannabústaða í þéttbýli og voru lánin fyrstu fimm árin veitt af staðbundnum lánasjóðum sem árið 1935 var slegið saman í einn sjóð fyrir allt landið.¹² Sjóður þessi, Byggingarsjóður verkamanna, átti eftir að starfa óslitið til ársins 1999 sem helsti veitandi húsnæðislána til láglaunafólks hérlendis.

Frumvarp Héðins Valdimarssonar var einkum gagnrýnt af tveimur aðilum: annars vegar af þingmönnum landsbygðarinnar, sem óttuðust að auknar íbúðabyggingar í höfuðborginni og öðrum kauptúnum og bæjum myndu flýta fyrir tæmingu sveitanna og hins vegar af borgaralegum frjálslýndisöflum sem

töldu að lán til byggingar verkamannabústaða myndu verða mjög varasöm og jafnvel skaðleg íhlutun í eðlilegt spilverk markaðsaflanna.¹³

Alþjóðlega séð var það mjög sérstakt að verkamannabústaðirnir íslensku væru eignaríbúðir. Ekki virðast hafa orðið neinar umræður um það hvort ef til vill ætti að reka þá sem leiguíbúðir, sem alls staðar annars staðar virtist vera hið sjálfgefna eignarfyrirkomulag félagslegra íbúða. Hvorki í greinargerðinni með frumvarpinu né í umræðunum um það á Alþingi bar eignarform verkamannabústaðanna nokkru sinni á góma. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir þetta gætti verulegrar samfélagshyggu í verkamannabústaðalögnum, sem birtist í þeirri staðreynd að ráðstöfunarréttur íbúðanna var takmarkaður við sölu innan hvers einstaks byggingarfélags og engin frjáls verðmyndun gat átt sér stað við endursölu íbúða.

¹² Lög um verkamannabústaði, nr. 3/1935.

¹³ *Alþingistíðindi* 1929, B-deild, bls. 3320–3486.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD



Á þessari mynd má gjörla sjá afar sérstætt byggingarlag húss Óskars Magnússonar við Blesugróf (Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur)

Sjálfstæðismenn í Reykjavík stofnuðu árið 1934 Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, sem hugðist sækja um lán samkvæmt verkamannabústaðalögunum. Þetta frumkvæði í húsnæðismálum varð hins vegar að engu með lagabreytingu ríkisstjórnar Alþýðu- og Framsóknarflokks sem varð til þess að einungis eitt byggingarfélag gat notið lánafyrirgreiðslu í hverju einstöku sveitarfélagi.¹⁴

Byggingar fyrstu verkamannabústaðanna áttu sér stað á sama tíma og heimskreppa fjórða áratugarins var að skella á, sem olli gífurlegum erfiðleikum í fjármálum þjóðarinnar. Þessir erfiðleikar drógu án efa mjög úr möguleikunum til víðtækra bygginga verkamannabústaða, sem höfðu það í för með sér að í raun náðu þeir ekki að vega verulega þungt í húsnæðismálum okkar fyrr en eftir árið 1980. Allt tímabilið 1930-1970 námu byggingar verkamannabústaða einungis um 4% af heildaríbúðabyggingum í landinu.¹⁵

Árið 1932 fylgdu svo lög um byggingarsamvinnufélög í kjölfar laganna um verkamannabústaði.¹⁶ Þvert á þær leiðir sem skandinavískar frændþjóðir Íslendinga völdu, þá áttu samvinnufélög á sviði húsnæðismála hér á landi lengst af eftir að byggja eingöngu eignaríbúðir fyrir félagsmenn sína. Samvinnuþátturinn takmarkaðist eingöngu við byggingarstigið en eftir það voru íbúðirnar í eigu einstakra fjölskyldna.

Enda þótt engar heimildir séu tiltækar fyrr en í manntalinu árið 1920 má engu að síður telja vist að við lok 19. aldar hafi meirihluti íbúa í þéttbýli búið í leiguhúsnæði. Efnaminni fjölskyldur leigðu sér yfirleitt húsrúm hjá hinum betur stæðu sem komið höfðu sér upp eigin húsnæði og aðeins í undantekningarfallum áttu einstakir leigusalar fleiri en eina eða örfáar íbúðir sem þeir leigðu út. Samkvæmt manntalinu frá 1920 bjuggu þá 47% allra þéttbýlisbúa í eigin húsnæði.¹⁷ Hlutfall

14 Lög um verkamannabústaði, nr. 3/1935.

15 Jón Rúnar Sveinsson, *Society, Urbanity and Housing in Iceland* (Gävle, 2000), bls. 103.

16 Lög um byggingarsamvinnufélög, nr. 71/1932.

17 Hagstofa Íslands, *Manntal á Íslandi 1920* (Reykjavík, 1926).

leiguíbúða hafði sterk tengsl við stærð þéttbýlisstaðanna, hæst var það í Reykjavík, 63%. Meirihluti íbúa minni og meðalstórra þéttbýlisstaða bjó hins vegar þegar árið 1920 í eigin húsnæði og í ýmsum minni sjávarplássum gat þetta hlutfall farið upp í 80%.¹⁸⁾ Það að menn byggðu sjálfir eigið húsnæði var þannig orðið mjög almennt snemma á 20. öldinni.

Með líkum hætti og annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu höfðu erfiðleikar í húsnæðismálum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar haft í för með sér setningu strangra húsaleigulaga. Hér á landi voru slík lög þó aðeins látin gilda í Reykjavík, eina þéttbýlisstaðnum þar sem leigumarkaður hafði náð verulegu umfangi.¹⁹⁾

Samkvæmt lögnum hafði húsaleigunefnd heimildir til þess að taka autt húsnæði eignarnámi og útdeila því til húsnæðislausis fólks.²⁰⁾

Húsnæðisvandinn á árum seinni heimsstyrjaldarinnar

Hernám Breta 1940 og Bandaríkjamanna ári síðar olli straumhvörfum í lífi íslensku þjóðarinnar, áhrifin á búsetuþróun í landinu og húsnæðismál þjóðarinnar voru t.d. veruleg. Strax í upphafi lagði breski herinn undir sig allt laust húsnæði í höfuðborginni, jafnframt því sem umfangsmiklar herskálasmíðar hófust. Einnig tóku Bretar mikinn fjölda íbúða á leigu, einkum fyrir yfirmenn í hernum. Herinn gat greitt hærri leigu en almenningur og margir leigusalar kusu að hagnast á ástandinu og leigja Bretum frekar en löndum sínum.²¹⁾

Aðstreymi fólks frá landsbyggðinni jókst einnig gífurlega, sérstaklega til Reykjavíkur, með fyrirsjáanlegum áhrifum fyrir húsnæðismarkaðinn. Tveimur árum eftir hernámið blasti við alvarleg húsnæðiskreppa í höfuðstaðnum. Sumarið 1942 var gerð könnun á

húsnæðisástandinu, sem m.a. leiddi í ljós að 2.800 Reykvíkingar voru húsnæðislausir, eða sem svarar nærfellt 7% af íbúafjöldanum.²²⁾

Strax árið 1939 hafði Alþingi samþykkt ný húsaleigulög, þ.e. um ári áður en til hernáms landsins kom. Valdsvið húsaleigunefndar jókst fljótlega stig af stigi, uppsagnir leigjenda voru gerðar torveldari, leiguhækkarnir voru bannaðar og húsaleigunefnd gat gert ónotað húsnæði upptækt.²³⁾ Farið var að nota þessi ákvæði árið 1943 til þess að ráðstafa þeim herskálum sem breski herinn hafði skilið eftir þegar herir Bandaríkjanna höfðu tekið að sér „hvernd“ landsins sumarið 1941. Bandarísku hersveitirnar, sem komu smám saman í stað hinna bresku, byggðu sína eigin herskála sem almennt voru taldir mun betri smíðisgrípri. Bandaríkjamenn settust einungis í undantekningartilvikum að í venjulegu íbúðarhúsnæði. Þegar Bretar voru horfnir á braut, losnaði því talsvert húsnæði sem kom almenningi til góða.²⁴⁾ Notkun hinna yfirgefnu herskála sem íveruhúsnæðis var frá upphafi afar umdeilt mál en eigi að síður varð raunin sú að þeir áttu eftir að vera aðsetur þúsunda íbúa Reykjavíkur og fleiri þéttbýlisstaða næstu 10-15 árin. Hámarki náði herskálabúsetan árið 1952, er um 2.300 Reykvíkingar bjuggu við slíkar aðstæður,²⁵⁾ árið 1960 bjuggu ennþá um 1.200 manns í herskálahverfum höfuðborgarinnar.²⁶⁾

Eftir bakslag í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík 1942 hvarf Sjálfstæðisflokkurinn að nokkru leyti frá fyrri frjálshyggjuskoðunum sínum um ýmsa þætti húsnæðismála og tók að beita sér fyrir íbúðabyggingum á vegum bæjar-yfirvalda. Þetta hefði verið næsta óhugsandi fram að þessu, aðeins einu ári fyrr hafði bæjarstjórnin t.a.m. hafið byggingu óvandaðs bráðabirgðahúsnæðis, svonefndrar Höfðaborgar, með svipuðum formerkjum og gerst hafði við byggingu húsnæðis eins og hinna

18 Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild, kafla 3.

19 Lög um húsaleigu í Reykjavík, nr. 24/1917.

20 Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, *Íslenska húsnæðiskerfið – Rannsókn á þróun og stöðu húsnæðismála* (Reykjavík, 1986), bls. 91–95.

21 Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur. Borgin, 1940-1990. Fyrri hluti* (Reykjavík, 1998), bls. 285.

22 Sama heimild, bls. 293.

23 Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild, bls. 88–111.

24 Eggert Þór Bernharðsson, sama heimild, bls. 283–291.

25 Sama heimild, bls. 142.

26 Hagstofa Íslands, *Húsnæðisskýrslur 1. desember 1960* (Reykjavík, 1968), bls. 28.

svonefndu Póla á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar.²⁷⁾

Sú staðreynd að Íslendingar, öfugt við nágrannalöndin, kusu að sniðganga félagslegar leiguíbúðir sem raunverulegan húsnæðisvalkost, er skýrt dæmi um hvernig ákveðnu eignarformi er hafnað sem meginvalkosti húsnæðisstefnunnar og er í stað þess einungis beitt sem takmörkuðu tæki til lausnar félagslegra vandamála. Þetta hafði það í för með sér að íslensk húsnæðisstefna festist í ákveðnum farvegi sem haft hefur afgerandi áhrif á megininnihald hennar mestalla 20. öldina.

Sú staðreynd að sjálfseign varð nánast sjálfgefinn valkostur sem eignarform félagslegs húsnæðis á Íslandi skýrist sennilega af samspili félagslegra, hagrænna og menningarlegra þátta. Praktískir þættir skipta einnig talsverðu máli, eins og það að íbúðirnar í hverri einingu eða í hverju einstöku sveitarfélagi voru svo fáar að þær náðu varla að mynda raunhæfa rekstrareiningu. Sala íbúðanna til einstakra fjölskyldna þýddi einnig að viðkomandi byggingarfélag og síðar sveitarfélag voru laus við alla fyrirhöfn við rekstur, innheimtu húsaleigu og viðhald fasteigna.

Seinkun íslenskrar húsnæðisstefnu

Við lok síðari heimsstyrjaldar höfðu lífskjör almennings á Íslandi batnað verulega og hagur þjóðarbúsins var mjög góður. Hernáminu fylgdi mikil hagsveifla upp á við, sem hafði það í för með sér að árið 1947 var þjóðarframleiðsla á mann á Íslandi orðin með því mesta sem þá þekktist í heiminum enda um það bil tvöfaldast frá árinu 1937.²⁸⁾

Stríðsárunum fylgdu gífurlegir erfiðleikar í húsnæðismálum, einkum fyrir hina verst settu, og þúsundir Íslendinga urðu að láta sér lynda

að búa árum saman í sem næst óíbúðarhæfum hermannabröggum. Íbúðabyggingar jukust eigi að síður verulega á stríðsárunum. Milli áraanna 1940 og 1950 hækkaði hlutfall þeirra Reykvíkinga sem bjuggu í eigin húsnæði úr 39% í 53%. Fyrir landið í heild hækkaði hlutfall eignaríbúða úr 56% í 64% á sama tímabili.²⁹⁾

Stefna eftirstríðsáraanna í velferðarmálum Íslendinga var að miklu leyti mótuð árið 1946³⁰⁾ og um tíma hefði jafnvel mátt búast við því að heildstæð húsnæðisstefna yrði mótuð í sömu lotu. Þannig hafði þróunin verið í öllum okkar nágrannalöndum, ekki síst á hinum Norðurlöndunum. Samspil ýmissa þátta átti eftir að breyta horfunum á Íslandi í þessum efnum.

Í nóvember 1944 leysti ný ríkisstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Sósíalísta-flokks af hólmi kraftlitla utanþingsstjórn. Alþýðuflokkurinn var nokkuð tregur til að taka þátt í þessu ríkisstjórnarsamstarfi,³¹⁾ sem átti sér rætur í vaxandi samstarfsvilja Sósíalísta-flokksins og Sjálfstæðisflokksins og góðu persónulegu sambandi leiðtoga þessara flokka, þeirra Einars Olgeirssonar og Ólafs Thors.³²⁾ Hins vegar gátu Alþýðuflokksmenn ekki með góðu móti neitað þátttöku í stjórninni þegar ljóst varð að þeir gætu fengið samþykktar ýmsar helstu kröfur sínar um verulegar umbætur í velferðar- og tryggingarmálum í anda þess sem þá var að gerast í löndum eins og Svíþjóð og Bretlandi, þar sem verið var að hrinda í framkvæmd tillögum Beverigde lávarðar, föður hins breska velferðarkerfis.³³⁾

Strax nokkru áður en stjórnarmynduninni lauk var farið að nefna hina nýju ríkisstjórn „Nýsköpunarstjórnina“, enda átti hún eftir að beita sér fyrir viðtækari uppbyggingu og meiri nýjungum í íslensku atvinnulífi en áður hafði sést hér á landi.

27 Eggert Þór Bernharðsson, sama heimild, bls. 292–293.

28 Hagstofa Íslands, (1997), bls. 666, 695; Sigurður Snevarr, *Haglýsing Íslands* (Reykjavík, 1993), bls. 56; Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild, bls. 88–89.

29 Hagstofa Íslands, *Húsnæðisskýrslur 1. desember 1950* (Reykjavík, 1957), bls. 15–16.

30 Sjá Gunnar Karlsson, sama heimild, bls. 332; Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölbjóðlegum samanburði* (Reykjavík, 1999).

31 Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins gat þannig ekki hugsað sér að setjast í stjórn með þeim sem hann taldi vera kommúnista. Sjá Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar – Síðara bindi* (Reykjavík, 1967), bls. 11–13. Ennfremur neituðu 5 af 20 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að styðja ríkisstjórnina. Sjá Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík, 2002), bls. 247–252.

32 Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* (Reykjavík, 1980), bls. 166–172; Matthías Johannessen, *Ólafur Thors – Ævi og stórf I* (Reykjavík, 1981), bls. 398–439.

33 Sjá Stefán Ólafsson, sama heimild.

Árið 1946 voru á Alþingi samþykkt lög sem veittu sveitarfélögunum vissa möguleika á að takast á við brýnasta húsnæðisvandann. Ásamt áframhaldandi byggingu verkamannabústaða var nokkur áhersla lögð á byggingu leiguíbúða og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Fjármögnun aðgerða var hins vegar óviss og umfang þess sem gert var ákvarðaðist fyrst og fremst af getu og vilja einstakra sveitarfélaga, sem flest voru fremur veikburða.³⁴⁾

Undir árslok 1946 slitnaði upp úr samstarfi flokkanna sem stóðu að Nýsköpunarstjórninni, sem fór frá völdum í febrúar 1947. Um sama leyti breyttust horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar mjög til hins verra, komið var á víðtækri vöruskömmun á vegum hins illræmda Fjárhagsráðs, sem m.a. leiddi til mikilla hindrana á innflutningi byggingarefnis og þar með samdráttar í íbúðabyggingum, sér í lagi í Reykjavík.³⁵⁾ Fjármögnun íbúðabygginga í samræmi við lagasetninguna 1946 reyndist einnig afar erfið.

Á þessum árum færðist það í vöxt að menn byggðu sjálfir yfir sig. Það olli hins vegar vaxandi óánægju að sú vinna sem menn lögðu fram við eigin húsnæðisbyggingu var framtalsskyld og skattskyld. Þessi ákvæði voru því afnumin árið 1949, eftir að frumvarp Gunnars Thoroddsen, þáverandi borgarstjóra í Reykjavík og alþingismanns var samþykkt.³⁶⁾ Segja má með nokkrum rétti að þessi breyting á gildandi skattalögum marki upphaf þess að stjórnvöld virki sjálfsbjargarviðleitni almennings í húsnæðismálum á meðvitaðan hátt sem stefnumarkandi tæki í húsnæðismálum landsmanna.

Talsverðar umræður urðu á árunum í kringum 1950 um leiguhúsnæði og leigumarkað, þar sem Leigjendafélag Reykjavíkur³⁷⁾ var talsvert áberandi. Meðal talsmanna strangari stýringar leigumarkaðarins var Hannes Pálsson frá Undirfelli, helsti talsmaður Framsóknarflokks-

ins í húsnæðismálum um langt árabil. Verkalýðsflokkarnir voru einnig talsmenn leiguíbúðabygginga að vissu marki, einkum í bæjarstjórn Reykjavíkur. Sjálfstæðisflokkurinn tók hins vegar eindregna afstöðu gegn víðtækum leiguíbúðabyggingum, svo sem t.d. kom skýrt fram í ræðu Gunnars Thoroddsen í bæjarstjórn 1948:

„Það er glögggt hver er stefnumunur okkar Sjálfstæðismanna og kommúnista í húsnæðismálunum [...]. Við viljum stuðla að því, að fólkið geti búið í íbúðum, sem það á sjálft. Kommúnistar vilja að allir búi í leiguíbúðum, og helst á bærinn sjálfur að vera leigusálinn. Það ætti ekki að þurfa að deila um, hvor stefnan er heppilegri, eða hvort fólkið sjálft vill heldur. Við höfum nógu mörg sýnishorn og dæmi.

Við viljum stuðla að því að einstaklingarnir geti sjálfir bygt sem mest. Það er fyrsta atriðið í stefnuskrá okkar frá síðustu kosningum. En við viljum styðja fjelagsbyggingar, samvinnubyggingar og verkamannabústaði og því má ekki gleyma að árlega borgar borgin nærri eina milljón króna, sem framlag til verkamannabústaðanna. Og bæjarstjórnin hefir sýnt það í verki, að hún vill einnig sjálf byggja íbúðir fyrir borgarana.“³⁸⁾

Fyrsti áratugurinn eftir stríðið leið þannig án þess að nokkur skýr og markviss húsnæðisstefna næði að mótast. Nýsköpunarstjórninni vannst ekki tími til þess að hrinda markverðum aðgerðum í húsnæðismálum í framkvæmd og efnahagsferfiðleikarnir frá og með 1947 gerðu örðugara en áður að koma framsæknum markmiðum í framkvæmd. Lítið var lagt upp úr eflingu leigumarkaðar og árið 1953 voru húsaleigulögin frá stríðsárunum afnumin (nema í Keflavík, þar sem endurkoma Bandaríkjahers 1951 hafði áhrif á húsnæðismarkaðinn).

34 Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum, nr. 44/1946.

35 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 376.

36 *Alþingistíðindi* 1948, B-deild, bls. 1492–1524; lög um breytingu á lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 16/1949.

37 Félagið var stofnað árið 1948 (*Morgunblaðið*, 13. mars 1948).

38 *Morgunblaðið*, 21. maí 1948.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD



Hvassaleiti og Stóragerði í byggingu (Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur)

Efling eignastefnu á uppbyggingarskeiði (1949-1980)

Uppbyggingarskeiðið einkenndist mjög af því hversu algengt var að menn réðust í að byggja sjálfir sitt eigið húsnæði. Úrlausn húsnæðis-erfiðleika fimmta áratugarins fólst þannig fyrst og fremst í umfangsmiklum byggingum einstaklinga sem bætt lífskjör stríðsáranna gerðu mögulegar. Með þessu var mörkuð sú meginbraut sjálfshjálpar og byggingar eigin húsnæðis sem átti eftir að verða höfuðeinkenni húsnæðismála og húsnæðismarkaðar á Íslandi næstu fjóra til fimm áratugi. Allt uppbyggingarskeiðið átti þjóðarþúíð við verðbólguvanda að stríða, sem við lok þess olli alvarlegu kreppu-ástandi í húsnæðismálum. Verðbólgan gerði erfitt um vik að koma í gagnið skilvirkri fjármögnun húsnæðismála, en átti einnig sinn

þátt í því að auka vilja fólks til þess að fjárfesta í sínu eigin húsnæði. Á uppbyggingarskeiðinu átti sér einnig stað vaxandi samvinna aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins í húsnæðismálum.

Hagvöxtur jókst verulega er líða tók á sjötta áratuginn, eftir efnahagslægd í kringum 1950. Samvirkar aðgerðir ríkisvaldsins og sveitarfélaganna, einkum Reykjavíkur, sköpuðu forsendur langvarandi uppsveiflu í íbúðabyggingum, sem gerðu mönnum kleift að útrýma að fullu húsnæðisskortri fyrstu eftirstríðsáranna.³⁹⁾ Árið 1940 voru íbúðir í landinu samtals 23.000, 1960 hafði þeim fjölgað í 40.000. Á áttunda ártugnum og þeim níunda, þegar ríkjandi var tveggja tölustafa verðbólguhraði, óx íbúðafjöldinn í 71.000 íbúðir 1980 og 91.000 árið 1990.⁴⁰⁾

39 Athugun sem gerð var 1941 leiddi í ljós að 30% húsnæðis í landinu var í raun óíbúðarhæft og að 20% þörfuðust verulegra endurbóta og viðgerða, sjá Arnór Sigurjónsson, *Alitsgerð til skipulagsnefndar um byggingarmál. Byggingarmálaráðstefnan 1944 – Erindi og umræður* (Reykjavík, 1946), bls. 19–91.

40 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 374.

Um 1950 hóf Reykjavíkurbær að styðja byggingu Smáibúðahverfisins á svæði sem þá var í útjaðri byggðarinnar. Árið 1952 kom ríkisvaldið einnig til sögunnar með stofnun Lánadeildar smáibúða sem veitti lán til húsbýgginga í hverfinu.⁴¹⁾

Árið 1955, síðasta ári tímabils tveggja samsteypustjórna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks 1950-1956, voru samþykkt lög um nýtt veðlánakerfi til húsnæðislána undir stjórn sérstakrar húsnæðismálastjórnar.⁴²⁾ Stjórnarandstöðuflokkarnir tveir, Alþýðuflokkurinn og Sósíalístaflokkurinn gagnrýndu frumvarpið, m.a. fyrir að bjóða heim flokksræði með pólitískt skipaðri húsnæðismálastjórn. Eftir kosningar 1956 var mynduð vinstri stjórn verkalyðsflokkanna og Framsóknarflokksins. Skrefið var nú stigið fulls og sérstök húsnæðislánastofnun, Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem byggði á grunni húsnæðismálastjórnar, var stofnsett með lögum 1957.⁴³⁾ Lánshlutfall var ekki hátt í byrjun, en lánveitingar til þeirra sem koma vildu þaki yfir höfuðið jukust þó verulega, enda töluverð uppsveifla í íbúðabyggingum á þessum árum.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði á undan-gengnum árum í ríkum mæli verið skrefinu á undan ríkisvaldinu hvað varðaði aðgerðir í húsnæðismálum. Þar sem um helmingur lánveitinga hins nýja opinbera veðlánakerfis fór út á land, skorti í rauninni lánsfjármagn til þess að svara nægjanlega vel þörfum höfuðborgarinnar. Svar bæjarstjórnar var því stofnun Byggingarsjóðs Reykjavíkur árið 1957 í því skyni að halda utan um lánveitingar vegna húsnæðismála láglaunahópa. M.a. fjármagnaði sjóðurinn byggingu leiguíbúða til útrýmingar herskálaíbúða, og var síðasti bragginn tekinn úr notkun árið 1965.⁴⁴⁾

„Gula bókin“

Vintri stjórnin 1956-1958 lagði talsverða áherslu á húsnæðismál. Meðal fyrstu aðgerða hennar var að skipa sérstaka húsnæðismálanefnd, þar sem m.a. Hannes Pálsson frá Undirfelli átti sæti. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra og voru þær m.a. þess efnis að komið skyldi upp öflugum húsaleigunefndum sveitarfélaganna, sem bæði tækju að sér að ákvarða leigu og sjá um útleigu íbúða í eigu einkaaðila. Einnig var lagt til að sveitarfélögin opnuðu skrifstofur sem sæju um kaup og sölu íbúðarhúsnæðis á almennum markaði. Ríkisstjórnin gat þó ekki náð samstöðu um tillögurnar, sem lagðar voru til hliðar í bili.⁴⁵⁾

Morgunblaðið virðist hins vegar hafa komist yfir tillögur nefndarinnar, því fyrir bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík í janúar 1958 voru „gulu tillögurnar“, eins og blaðið nefndi þær eftir kápulit nefndarálitsins, hins vegar dregnar fram og þeim kastað inn í kosningabaráttuna. Morgunblaðið og Vísir, stuðningsblöð Sjálfstæðisflokksins, töldu tillögurnar bera vott um ofstjórnarhugmyndir og árásir á einkaeignarréttinn. Vísir leit á málið á eftirfarandi hátt:

„Ef glundroðaflokkarnir sigra í kosningunum á sunnudaginn, verða gulu tillögurnar gerðar að lögum. Á því er enginn vafi. Síni kjósendur hins vegar að þeir vilji vera frjálsir menn í landi sínu og láti stjórnarflokkana biða herfilegan ósigur, þá verður málið látið niður falla, en gulu tillögurnar verða þá minnisvarði um þá hættu, sem þjóðinni stafar af kommúnistum í samvinnu við gerspilla valdaklíku Framsóknarflokksins.“⁴⁶⁾

Stórsigur Sjálfstæðisflokksins í umræddum kosningum árið 1958 mátti ekki síst rekja til velheppnaðrar áróðursherferðar vegna „gulu“

41 Eggert Þór Bernharðsson, sama heimild, bls. 304-311; lög um breytingu á lögum, nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsþúnum, nr. 27/1952.

42 Lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, nr. 55/1955.

43 Lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á 1. kafla laga nr. 36/1952 o.fl., nr. 42/1957.

44 Eggert Þór Bernharðsson, sama heimild, bls. 316-320.

45 Hannes Pálsson (útg.) „Gula bókin“ – Nefndarálit meirihluta Húsnæðismálanefndar 1956 (Reykjavík, 1956).

46 Vísir, 21. janúar 1958.



Breiðholt hf. – framkvæmdir við Æsufell og fyrir Framkvæmdanefnd Byggingaráætlunar 1972

skýrslunnar.⁴⁷⁾ Raunar er líklegt að sigurför sjálfseignarstefnunnar æ síðan tengist að hluta þessum hugmyndafræðilega sigri sjálfstæðismanna. Hannes Pálsson gaf skömmu seinna út bækling um málið, sem hann að sjálfsögðu nefndi „Gulu bókina“.⁴⁸⁾

Leiguíbúðir urðu á þessum árum æ meira jaðarfyrirbæri þar sem nýbyggingar voru nánast eingöngu sjálfseignarhúsnæði. Þær fáu leiguíbúðir sem byggðar voru þjónuðu fyrst og fremst hlutverki sem liður í félagsþjónustu sveitarfélaganna fyrir allra verst settu íbúa þeirra. Þegar verkalýðshreyfingin knúði fram víðtækar félagslegar íbúðabyggingar á miðjum sjöunda ártugnum þótti jafnvel enn sjálf-sagðara en á fjórða áratugnum að lunginn af íbúðunum væru söluíbúðir.

Breiðholtsframkvæmdir og samstöðu- stefna á vinnumarkaði

Í lok ársins 1959 settist að völdum ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, Viðreisnarstjórnin svonefnda. Segja má að þessir flokkar hafi átt ágæta samleið, sem sést best á þeirri staðreynd að ríkisstjórn þeirra var við völd í næstum 12 ár. Á hinum Norðurlöndunum hefði samstarf hliðstæðra stjórnmalaflokka hins vegar verið afar ólíklegt.

Alþýðuflokkurinn hafði á þessum árum, sem og löngum áður, mikil áhrif innan verkalýðshreyfingarinnar. Styrkur Alþýðubandalagsins var þó enn meiri, enda höfðu sósíalistar verið ráðandi innan ASÍ allt frá árinu 1942. Í upphafi sjöunda áratugarins hafði komið til víðtækra verkfalla með pólitísku yfirbragði,⁴⁹⁾ en árið 1964 tókst hins vegar að koma í veg fyrir verkföll með hinu fræga „júnísamkomulagi“

47 Sjá Borgarskjalasafn Reykjavíkur (1958), blaðaúrklippur um húsnæðismál, janúar–febrúar 1958.

48 Hannes Pálsson, sama heimild.

49 Sigurður E. Guðmundsson, *Kjaradeilur og félagsmálalöggjöf á tíma viðreisnarstjórnar 1960–1971*, BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands (Reykjavík, 2002), bls. 11–15.

aðila vinnumarkaðarins. Vinnufriður var tryggður, gegn skuldbindingum ríkisvaldsins um verulegar umbætur á félagslegum kjörum verkafólks.⁵⁰ Verkalýðsleiðtogar Alþýðubandalagsins, ekki síst Hannibal Valdimarsson forseti ASÍ, gegndu lykilhlutverki í því að þessi leið var valin í stað verkfallsaðgerða.⁵¹ Í húsnæðismálum skuldbatt ríkisstjórnin sig til að hækka fjárhæðir lána verulega og tryggja lánveitingar til a.m.k. 1.500 íbúða á ári.⁵²

Ári síðar, 1965, náðist svo samkomulag um viðtækar aðgerðir í húsnæðismálum og gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi í byrjun júlí. Samkvæmt yfirlýsingunni skyldu samtals 1.200 íbúðir rísa í Reykjavík á næstu fimm árum, 1.000 eignaríbúðir og 250 leiguíbúðir til ráðstöfunar félagsmálayfirvalda í Reykjavík.⁵³ Fyrstu íbúarnir fluttu inn í íbúðir sínar þremur árum síðar.⁵⁴ Framsóknarflokkurinn, sem einn stjórnmalaflokkanna kom hvergi að þessu máli, gagnrýndi þá staðreynd að aðgerðirnar tóku eingöngu til íbúðabygginga í Reykjavík.

Breiðholtsframkvæmdirnar voru fyrsta dæmið um meiriháttar húsnæðispólítískar aðgerðir í kjölfar samkomulags aðila vinnumarkaðarins, en þetta átti eftir að endurtaka sig reglulega á komandi áratugum.

Sjöundi áratugurinn var tími verulegra framfara í efnahagslífi Íslendinga. Árleg þjóðarframleiðsla jókst þannig að meðaltali um 4,6% á áratugnum öllum. Mestur varð vöxturinn á „síldar-árunum“ 1961-1966, að meðaltali 9,4% á ári.⁵⁵

Byggingarmet í skugga verðbólgu

Árið 1970, í lok Viðreisnartímans, var lögfest ný heildarlöggjöf um starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem m.a. kvað á um það að

stofnunin tæki að sér stjórnslu og rekstur Byggingarsjóðs verkamanna. Einnig var komið á sérstökum stjórnnum verkamannabústaða í einstökum sveitarfélögum í stað Byggingarféлага verkamanna. Einnig hóf Húsnæðisstofnun lánveitingar til kaupa á íbúðum á almennum markaði, en fram að þessu hafði stofnunin nær eingöngu lánað til nýbygginga.⁵⁶

Á sjöunda áratugnum hafði uppbygging lífeyrissjóða almennra launþega hafist og heildarlöggjöf um starfsemi þeirra leit dagsins ljós árið 1970.⁵⁷ Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á sjóðum bundnum við starfsgreinar og stundum landsvæði og eiga fulltrúar bæði verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sæti í stjórnnum þeirra.⁵⁸ Í tengslum við setningu áður nefndrar húsnæðislöggjafar 1970 skuldbatt verkalýðshreyfingin sig til þess að ráðstafa 25% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til kaupa á skuldabréfum lánasjóða Húsnæðisstofnunar.⁵⁹

Vinstri stjórn sú er tók við af Viðreisnarstjórninni 1971 beitti sér einnig fyrir aðgerðum í húsnæðismálum. Um var að ræða áætlun um að reisa 1000 leiguíbúðir á fimm árum og skyldu þær allar, sem andsvar við því að Breiðholtsframkvæmdirnar voru bundnar við höfuðborgina, rísa utan höfuðborgarsvæðisins. Fjármögnun áformanna reyndist erfiðleikum bundin, ekki síst eftir mikla aukningu verðbólgu í kjölfar olúkreppunnar 1973. Alls voru byggðar um 850 íbúðir af þeim 1000 sem áformaðar höfðu verið.

Eftir lagabreytingu ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks (1974-1978) árið 1976 var hins vegar heimilað að um söluíbúðir yrði að ræða og urðu þær er upp var staðið um 500 talsins en raunverulegar leiguíbúðir því aðeins

50 Sama heimild, bls. 22–28.

51 *Þjóðviljinn*, 5. júní 1964.

52 *Morgunblaðið*, 5. júní 1964.

53 Sigurður E. Guðmundsson, sama heimild, bls. 35-37, *Morgunblaðið*, 10. júlí 1965.

54 *Vísir*, 11. maí 1968.

55 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 709–710.

56 Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970.

57 Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, nr. 18/1970.

58 Sigurður E. Guðmundsson, *Lífeyrissjóðir 1960-1980 – Tímamót í velferðarmálum eldra fólks*, MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands (Reykjavík, 2005).

59 *Alþýðublaðið*, 6. apríl 1970, viðtal við Emil Jónsson, félagsmálaráðherra.

um 300.⁶⁰) Hvað sem líður hugmyndafræðilegum orsökum fyrir því að áform stjórnvalda um 1000 leiguíbúðir fóru fyrir lítið er ljóst að praktísk vandamál við rekstur leiguíbúða lágu þarna einnig að baki: í aðeins 13 af 224 sveitarfélögum í landinu bjuggu á þessum tíma fleiri en 2000 manns.⁶¹) Ekki fyrr en um aldarfjórðungi seinna, eftir að sameiningu sveitarfélaga hafði miðað verulega fram á við, hefur nokkur kraftur færst í byggingar leiguíbúða á vegum íslenskra sveitarfélaga.

Svo sem raunin var í flestum nágrennalandanna náðu íbúðabyggingar hér á landi hámarki í byrjun áttunda áratugarins og var lokið við smíði 2000 íbúða eða fleiri árlega til enda hans. Sé lítið til heildarhúsrýmisins varð aukningin ennþá meiri síðari hluta áratugarins, því hlutfall rúmgöðra vistarvera í sérbyli fór vaxandi.⁶²)

Hámark íslensku húsnæðisleiðarinnar: Húsnæðisrannsóknin 1979

Á áttunda áratugnum fóru saman mjög mikil verðbólga og sögulegt hámark íbúðabygginga. Í raun má segja að á þessum tíma hafi íslenska húsnæðiskerfið með öllum þeim sérkennum sem þróuðust á uppbyggingarskeiðinu 1955-1983 birst í nokkurn veginn hreinræktaðri mynd. Þessi megineinkenni má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Viðskiptabankarnir veittu aðeins takmörkuð lán til skamms tíma til húsnæðisöflunar. Húsnæðismálastofnun veitti lengst lán til um 20 ára, sem í besta falli dugðu fyrir 30-35% af kostnaði.
- Þrátt fyrir þetta fjölgaði þeim fjölskyldum sem bjuggu í eigin húsnæði í rúmlega 85% við lok uppbyggingarskeiðsins, jafnframt því sem leiguhúsnæði varð æ meira jaðarfyrirbæri. Mjög útbreitt var allt tímabilið að menn byggðu sjálfir yfir sig og heimilin

gátu í ríkum mæli notfært sér hinn almennt aukna kaupmátt sem hraður hagvöxtur tímabilsins hafði í för með sér.

- Milli 1953 og fram að setningu húsaleigulaganna 1979 giltu engin húsaleigulög á Íslandi.
- Ákvæði í kjarasamningum um aðgerðir í húsnæðismálum leiddu yfirleitt til byggingar eignaríbúða undir félagslegum formerkjum.

Segja má að húsnæðiskönnun sú, sem Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson framkvæmdu á höfuðborgarsvæðinu vorið 1979,⁶³) hafi gefið allgóða mynd af íslenska húsnæðiskerfinu eins og það var þegar könnunin var framkvæmd. Samkvæmt könnuninni bjuggu 85% fjölskyldna⁶⁴) á svæðinu í eigin húsnæði, 83% í Reykjavík og 91% í nágrennasveitarfélögunum.⁶⁵) Aðeins í elstu bæjarhlutunum í miðborg Reykjavíkur var enn til staðar allhótt hlutfall leiguíbúða í eigu einkaaðila, oft í fremur slæmu ásigkomulagi. Meirihluti yngstu aldurs hópanna bjó sem vænta mátti í leiguíbúðum á almennum markaði, en strax þegar 28 ára aldri var náð bjó meira en helmingur fjölskyldnanna í eigin húsnæði og meðal þeirra sem voru 35 ára eða eldri bjuggu um 95% í eigin húsnæði. Sá hverfandi fámenni hópur sem bjó í leiguhúsnæði eftir að hafa náð 35 ára aldri bjó gjarnan í leiguíbúðum í eigu sveitarfélaga.

Kreppulausnir og kerfisútpensla á rekstrarskeiði (1980-1995)

Fyrstu þrjá áratugina var starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins mun umfangsminni en síðar varð. Virkar húsnæðispólitískar aðgerðir hófust, svo sem fram hefur komið, ekki fyrr en um miðjan sjötta áratuginn, en urðu þó aldrei mjög umfangsmiklar næstu þrjá áratugina.

60 Húsnæðisstofnun ríkisins, *Ársskýrsla 1982* (Reykjavík, 1984).

61 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 114-119.

62 Sama heimild, bls. 376-377.

63 Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild; Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild, bls. 105-109.

64 Um var að ræða póstkönnun og var spurningalisti sendur 2.086 fjölskyldum og var svarhlutfall 65,7%. Úrtakið náði ekki til einhleypinga.

65 Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, *Leigjendur, leigumarkaður og leigugjald* (1980). Fjölrit.

MEGINÞÆTTIR HÚSNÆÐISSTEFNU ÍSLENDINGA Á 20. ÖLD



Nýbyggingar við Rauðalæk 1958 (Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur)

Er verðbólga fór vaxandi um miðjan áttunda áratuginn og náði þriggja stafa tölu snemma á þeim níunda urðu vandkvæði þessu tengd illviðráðanleg. Árin upp úr 1980 leiddu af þessum sökum til verulegra vatnaskila í íslenskri húsnæðisstefnu.

Þrátt fyrir fremur slaka stöðu vinstri flokkanna innan stjórnmalakerfisins hafa þeir þó náð að hafa talsverð áhrif á húsnæðisstefnuna gegnum ítök bæði Alþýðuflokksins og enn frekar Sósíalístaflokksins/Alþýðubandalagsins innan verkalýðshreyfingarinnar. Í þeim breytingum sem gengu yfir á níunda áratugnum átti verkalýðshreyfingin eftir að

hafa afgerandi áhrif þegar nýrra leiða út úr húsnæðiskreppunni var leitað. Þessu til viðbótar áttu nýjar félagshreyfingar – sem urðu til sem svar við því ástandi sem skapast hafði í húsnæðismálum – eftir að hafa veruleg áhrif á þeim tímum breytinga sem í hönd fóru.

Kaflaskipti á tímum óðaverðbólgu

Árin upp úr 1980 reyndust bera með sér ný kaflaskipti í húsnæðismálum. Mikilvægasti einstaki atburðurinn í þessu ferli var upptaka fullrar verðtryggingar allra langtímalána til húsnæðis sem vinstri stjórnin 1978-1979 kom á.⁶⁶⁾

66 Lög um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979.

Auk verðtryggingar húsnæðislána og nýrra húsaleigulaga árið 1979, skipaði ríkisstjórnin sérfræðinganevnd sem falið var að vinna að endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar. Efnis- mikið frumvarp þessa efnis var lagt fyrir Alþingi haustið 1979.⁶⁷ Stuttu síðar féll hins vegar vinstri ríkisstjórn Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks og við tók, eftir fjögurra mánaða stjórnarkreppu, ríkisstjórn undir forystu Gunnars Thoroddsen. Nýr félagsmálaráðherra varð Svavar Gestsson, formaður Alþýðubandalagsins. Húsnæðis- frumvarp forvera Svavars, Alþýðuflokks- mannsins Magnúsar H. Magnússonar, var sam- þykkt sem lög frá Alþingi 1980 með aðeins minni háttar breytingum.⁶⁸

Nýju lögín fólu í sér mun meiri áherslu á byggingu verkamannabústaða en áður hafði verið. Forsenda þessa var stóraukið fjárstreymi til Byggingarsjóðs verkamanna, sem gert var mögulegt með því að færa helminginn af tekjum Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti til Byggingarsjóðs verkamanna. Einnig var í hinum nýju lögum að finna markmiðsyr- lýsingu þess efnis að stefna bæri að því að þriðjungur allra íbúðabygginga í landinu skyldi í framtíðinni verða á félagslegum grundvelli.

Löggjöfin fól einnig í sér aukin áhrif verkalýðs- hreyfingarinnar, sem nú skyldi tilnefna 2 af 9 fulltrúum í húsnæðismálastjórn, sem að öðru leyti var kosin af Alþingi. Einnig skyldu verka- lýðsfélög tilnefna 2 af 5 fulltrúum í stjórnir verkamannabústaða í einstökum sveitar- félögum. Þá skyldi lánastarfsemi beggja opinberu byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, í vaxandi mæli vera fjármögnuð af skulda- bréfakaupum lífeyrissjóðanna, sem líta má á sem merki um ört vaxandi áhrif verkalýðs- hreyfingarinnar á húsnæðismál á þessum árum og skýrt merki um vaxandi samráðs- stefnu aðila vinnumarkaðarins og ríkis- valdsins.

67 *Alþingistiðindi* 1979-80, A-deild, þskj. 17, bls. 197–256.

68 Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 51/1980.

69 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 642.

Aukin útlán til félagslegra íbúðabyggingar skyldu sem fyrr algerlega eiga sér stað undir fána eignastefnunnar. Hin nýju húsnæðislög kváðu þó á um takmarkaðar lánveitingar til leiguíbúða í eigu sveitarfélaga, en lánstími þessara lána var aðeins 15 ár, samanborið við 43 ár til verkamannabústaða.

Sigtúnsfundurinn og húsnæðis- hreyfingin

Milli júnímánaða 1982 og 1983 hækkaði neysluvöruvísitala um 96%. Um nokkurra mánaða skeið fyrri hluta ársins 1983 náði verðbólguhraðinn 6-8% á mánuði, sem svarar til 133% verðbólgu á ársgrundvelli.⁶⁹ Ríkis- stjórninni var borið á brýn að hafa misst tókin á verðbólgunni, auk þess sem þingmeirihluti hennar mátti heita óvirkur frá og með haustinu 1982. Eftir kosningar vorið 1983 tók ný ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðis- flokks við völdum, sem þegar greip til róttækra efnahagsaðgerða, m.a. frystingar allra launa- hækkana. Verðbólgan hélt hins vegar áfram með óbreyttum hraða allt sumarið 1983. Þetta hafði í för með sér ört minnkandi kaupmátt launþega, á sama tíma og afborganir húsnæðislána voru að fullu verðtrygðar.

Í ágúst 1983 hóf hópur 10-15 húsbýgjenda og íbúðakaupenda að hittast reglulega að frumkvæði Ögmundar Jónassonar, þáverandi fréttamanns hjá Sjónvarpinu. Umræðuefnið voru hinir vaxandi erfiðleikar ungra fjölskyldna við öflun húsnæðis. Hópurinn hélt vel- heppnaðan blaðamannafund, þar sem boðaður var mótmælafundur vegna vanda húsbýgjenda og íbúðakaupenda tveimur dögum síðar. Skilaboðin fengu mikið rými í fjölmiðlum. Þegar kom að fundinum, þann 24. ágúst 1983, í veitingahúsinu Sigtúni við Suðurlandsbraut, varð þar húsfyllir á skömmum tíma. Sigtúnsfundurinn, eins og hann hefur síðan verið nefndur, samþykkti einróma ályktun með kröfum um lengingu

lánstíma húsnæðislána, hærra lánshlutfalls og einnig afturvirkar hækkunar lána sem veitt höfðu verið á undangengnum árum.

Fjórum vikum síðar kynnti ríkisstjórnin mótleiki sína á blaðamannafundi. Boðaðar voru skyndiaðgerðir og einnig lagabreytingar sem koma skyldu til móts við kröfur Sigtúnsfundarins til lengri tíma litið. Lán Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu um 50% og var sú hækkun greidd út afturvirkt til ársins 1982 og einnig var lánstími lánanna lítillega lengdur.⁷⁰ Húsnæðishreyfingin gagnrýndi þrátt fyrir þetta ríkisstjórnina fyrir kraftlitlar aðgerðir. Þannig var ljóst að vaxtahækkanir sem komu til framkvæmda 1984 átu fljótlega upp léttari greiðslubyrði vegna lengri lánstíma. Húsnæðishreyfingin beitti sér fyrir áframhaldandi aðgerðum árið 1985, svo sem nýjum fjöldafundum og undirskriftasöfnun, án þess að ná aftur sama slagkrafti og hún hafði gert tveimur árum áður.

Vorið 1983 höfðu Leigjendasamtökin, sem á þessum árum gagnrýndu öðrum fremur einhliða séreignarstefnu í húsnæðismálum Íslendinga, stofnað vinnuhóp um stofnun húsnæðissamvinnufélags að norrænni fyrirmynd. Vinnuhópurinn heimsótti m.a. sænsku Leigjendasamtökin og kynnti sér sænska húsnæðisstefnu í kynnisför til Stokkhólms vorið 1983. Vinnuhópur Leigjendasamtakanna tók reyndar einnig þátt í undirbúningsfundum fyrir Sigtúnsfundinn, en eftir að í ljós kom að þar yrði athyglinni fyrst og fremst beint að kröfum ungra húsnæðisgjenda einbeitti hópurinn sér að fyrirhugaðri stofnun eigin félags. Hið nýja húsnæðissamvinnufélag, er hlaut nafnið Búseti, náði strax verulegri útbreiðslu, því á nokkrum vikum urðu félagsmenn 2.500 og innan skamms höfðu einnig verið stofnuð félög á Akureyri og Selfossi.⁷¹

Nýtt lánakerfi 1986

Í byrjun árs 1986 hófust almennar samninga- viðræður aðila vinnumarkaðarins, og eins og nokkrum sinnum áður, urðu víðtækar aðgerðir í húsnæðismálum liður í heildarsamkomulagi því sem gert var. Í rauninni fólust í þessu samkomulagi ekkert minna en grundvallarbreytingar á fjármögnun húsnæðismála landsmanna.⁷² Samkvæmt nýjum húsnæðis- lögum sem leiddu af samkomulaginu og voru samþykkt vorið 1986 hækkuðu húsnæðislán til nýbygginga í 70% af kostnaðarverði í stað um eða innan við 30% fram að því.

Réttur til lána var óháður tekjum og fjölskyldu- stærð. Fjármögnun hins nýja lánakerfis byggðist á því að lífeyrissjóðirnir skyldu verja 55% af ráðstöfunarfé sínu til fjármögnunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Til þess að eiga rétt á láni urðu lántakendur að sýna vottorð um aðild að lífeyrissjóði sem uppfyllt hefði samkomulagið um skuldabréfakaup.⁷³

Þann 1. september 1986 var nýja lánakerfið opnað með pomp og prakt. Klukkan 8.15 um morguninn streymdi mikill mannfjöldi inn í afgreiðslu Húsnæðisstofnunar að Laugavegi 77 og á aðeins örfáum dögum bárust nokkur þúsund lánsúmsóknir. Tæpu einu ári síðar, í júlí 1987, var fjöldi lánsúmsókna kominn í 10.000⁷⁴ og í mars 1987 varð Húsnæðisstofnun að hætta að taka á móti nýjum úmsóknum.⁷⁵ Árið 1990 var fjöldi úmsókna svo kominn yfir 20.000, sem þýddi að úmsókn hafði borist frá um fjórða hverju heimili í landinu.⁷⁶

Nýja lánakerfið sætti töluverðri gagnrýni strax frá byrjun, ekki síst frá Jóhönnu Sigurðardóttur, alþingismanni og helsta talsmanni Alþýðuflokksins í húsnæðismálum. Þróunin virtist að flestu leyti staðfesta viðvaranir gagnrý- endanna en ríkisstjórnin hélt þó fast við stefnu sína. Meirihluti hennar á þingi var afar sterkur, 37 af 60 þingsætum, og fátt virtist geta haggð

70 *Morgunblaðið*, 23. september 1984; lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984.

71 Búsetinn, málgagn húsnæðissamvinnufélaga, 1983:2; 1984:1.

72 *Morgunblaðið*, 11. febrúar 1986.

73 Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985, nr. 54/1986.

74 Húsnæðisstofnun ríkisins, *Fréttabréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins*, nr. 11, september 1987 (Reykjavík, 1987).

75 *Morgunblaðið*, 30. ágúst 1988.

76 Húsnæðisstofnun ríkisins, *Fréttabréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins*, nr. 22, júní 1990 (Reykjavík, 1990).

honum. Ekkert benti því til breytinga í kjölfar Alþingiskosninganna sem stóðu fyrir dyrum vorið 1987.

Aðstæður breyttust hins vegar algerlega þegar til klofnings kom í Sjálfstæðisflokknum rétt fyrir kosningarnar og nýr stjórnmalaflokkur Alberts Guðmundssonar, Bogaraflokkurinn, vann það stóran kosningasigur að ríkisstjórnin missti þingmeirihlutann.⁷⁷ Eftir tveggja mánaða viðræður allra stjórnmalaflokkanna tókst loks að mynda nýja ríkisstjórn fyrrverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að viðbættum Alþýðuflokknum og varð Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. Það kom því í hennar hlut að sjá um áframhaldandi rekstur hins rétt árs gamla 1986-lánakerfis, sem hún sjálf hafði gagnrýnt öllum öðrum þingmönnum harðar. Haustið 1988 féll svo ríkisstjórnin og í hennar stað kom stjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags (og raunar einnig Borgaraflokks árið 1989). Brotthvarf Sjálfstæðisflokksins úr ríkisstjórn gerði mögulega lagasetningu í árslok 1988 sem veitti húsnæðissamvinnufélögum rétt á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.⁷⁸

Haustið 1987 skipaði hinn nýi félagsmálaráðherra starfshóp um húsnæðismál, sem m.a. skyldi leggja fram tillögur til lausnar á vandamálum 1986-kerfisins. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins stæðist ekki til lengdar og spáði sjóðþurrð hans um aldamótin 2000. Framtíð Byggingarsjóðs verkamanna var að áliti starfshópsins enn dekkri. Í áliti hópsins var lagt til að 1986-kerfið yrði lagt niður og í stað þess yrði komið á svonefndu húsnæðisfyrirkomulagi. Stjórnarfrumvarp þessa efnis var lagt fyrir Alþingi í mars 1989.⁷⁹

Jóhönnu Sigurðardóttur tókst með naumindum að koma húsnæðisfrumvarpinu í gegnum þingið á lokadögum þess vorið 1989. Framsóknarflokkurinn, flokkur fyrrverandi félagsmálaráðherra Alexanders Stefánssonar átti vissulega aðild að ríkisstjórninni, en setti

eigi að síður margvíslega fyrirvara við frumvarpið. Alþýðubandalagið hafði einnig efasemdir um markaðshyggju þá sem í frumvarpinu fólst. Í þessari stöðu lagði Jóhanna Sigurðardóttir ráðherrastól sinn að veði fyrir samþykkt frumvarpsins.

Á síðustu stundu náðist hins vegar samkomulag við Kvinnalistann um stuðning við frumvarpið, gegn því að á laggirnar yrði sett nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um félagslega íbúðakerfið.

Hið nýja húsnæðisfyrirkomulag húsnæðislána var byggt á nýrri hugsun, sem fram kom meðal sérfræðinga í starfshópnum sem vann að frumvarpinu. Ein af meginhugsunum frumvarpsins var að afnema hinar miklu opinberu niðurgreiðslur sem voru sjálfvirkur fylgifiskur 1986-lánakerfisins. Önnur var sú að nýta uppvaxandi íslenskan fjármálamarkað í þágu húsnæðismála.

Húsnæðisfyrirkomulagið hóf göngu sína þann 15. nóvember 1989 og tók í fyrstu til kaupa á eldri íbúðum en einnig til nýbygginga þann 15. júní 1990.

Umbreytingar níunda áratugarins

Á níunda áratugnum gekk íslenska húsnæðiskerfið í gegnum umfangsmiklar kerfisbreytingar. Opinberar húsnæðisaðgerðir höfðu fram til þess verið takmarkaðar að umfangi, en við lok áratugarins stefndi í að Ísland yrði meðal þeirra landa þar sem þátttaka ríkisvaldsins í fjármögnun húsnæðismála væri með mesta móti.

Ögurstundina í þessum efnem má tilgreina nákvæmlega: milli kl. 15 og 16 miðvikudaginn 24. ágúst 1983 í veitingahúsinu Sigtúni. Kröfur húsnæðismála um lagfæringar í fjármögnun húsnæðismála hleyptu af stað sex ára leitarferli eftir nothæfu húsnæðislanakerfi. Þetta kerfi fannst loks í húsnæðisfyrirkomulaginu – sem var við lýði lítt breytt næstu 15 árin.

77 Hagstofa Íslands, sama heimild, bls. 878–881.

78 Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1998, nr. 109/1988.

79 *Alþingistíðindi* 1988–89, A-deild, þskj. 626, bls. 2485–2501.

Meginþráður íslenskra húsnæðismála, sjálfseignarstefnan, haggðist hins vegar ekki í hinu víðtæka breytingarferli níunda áratugarins. Þrátt fyrir gagnrýni talsmanna nýrra eignarforma, sem litu til Norðurlanda sem beinni fyrirmynda en áður, hélt sjálfseignarhugsunin áfram að hafa yfirhöndina í hinni íslensku húsnæðisumræðu.

Hin virka húsnæðisstefna tíunda áratugarins

Upphafsár tíunda áratugarins, þegar Jóhanna Sigurðardóttir, varaformaður Alþýðuflokksins, gegndi embætti félagsmálaráðherra, marka hámark athafnasamari húsnæðisstefnu en áður. 1986-kerfið hafði haft í för með sér mikla aukningu á lánnum til kaupa á notuðum íbúðum á almennum fasteignamarkaði, sem þýddi í rauninni að þyngdarpunktur lánveitinga hins opinbera færðist frá hinu upprunalega markmiði að veita fyrst og fremst lán til nýbygginga. Með upptöku húsbrefakerfisins náðu lán til kaupa á notuðum íbúðum algerlega yfirhöndinni, þ.e. lánastarfsemi sem í öllum nágrannalöndum okkar hefur verið og er í höndum hinna almennu viðskiptabanka.

Árið 1987 voru stofnuð regnhlífarsamtök átta almennasamtaka á sviði húsnæðismála, „Pak yfir höfuðið“, sem settu auknar byggingar félagslegs húsnæðis á oddinn. Frumkvæði að stofnun „Paksins“ kom frá Búsetahreyfingunni. Auk húsnæðissamvinnufélaganna tóku Leigjendasamtökin og ýmis félög er stóðu að íbúðabyggingum fyrir námsmenn, fatlaða og aldraða þátt í samstarfinu. Tilgangur þess var fyrst og fremst að byggingarstarfsemi húsnæðisfélaga öðlaðist fullan rétt til lánveitinga á félagslegum grundvelli.⁸⁰⁾

Eftir brotthvarf Sjálfstæðisflokksins úr ríkisstjórn í september 1988 fékk Jóhanna Sigurðardóttir tiltölulega frjálsar hendur til þess að koma í gagnið breytingum á hinum félagslega

hluta húsnæðislánakerfisins og voru veigamiklar kerfisbreytingar í þessa veru samþykktar á Alþingi vorið 1990. Ábendingar frá „Paki yfir höfuðið“ fengu hljómgrunn stjórnvalda og upp úr þessu hófst talsvert átak í byggingu bæði leiguíbúða og búseturéttaríbúða. Einnig varð sú nafnbreyting í nýjum félagsíbúðaákvæðum húsnæðislaganna að í stað „verkamannabústaða“ var nú talað um „félagslegar eignaríbúðir“.⁸¹⁾

Bygging félagslegra eignaríbúða hélt eigi að síður áfram með svipuðum umsvifum og áratuginn á undan, sem þýddi að aukin áhersla á önnur eignarform var hrein viðbót við heildarfjölda nýrra félagslegra íbúða. Þessi þróun náði hápunkti árið 1990, á því ári var hafin smíði 800 nýrra félagslegra íbúða á öllu landinu.⁸²⁾ Tímabilið 1988-1994 námu félagslegar íbúðabyggingar 36% af heildarfjölda allra nýrra íbúða; fyrrihluta níunda áratugarins hafði hlutfallið aðeins verið um 15%.⁸³⁾

Í maí 1995 var haldið upp á 40 ára afmæli húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar, einmitt þegar segja má að afskipti ríkisins af þróun húsnæðismála hafi náð hámarki. Frá því um 20 árum áður, er hlutur „sjálfshjálparstefnunnar“ hafði verið hvað mestur, á síðari hluta áttunda áratugarins, höfðu opinberar lánveitingar fjórfaldast að raunvirði.⁸⁴⁾ Breytingar voru hins vegar í aðsigi fyrir afmælisbarnið vegna stjórnarskipta nokkrum vikum fyrr, því í málaefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks var mörkuð stefna uppstokkunar á fyrirbyggjandi fyrirkomulag húsnæðiskerfisins.

Frá rekstrarskeiði til fráhvarfskeiðs (1995-2004)

Þrátt fyrir yfirlýst breytingaráform nýrrar ríkisstjórnar einkenndist tímabilið 1995-2004 einnig af áframhaldi mikilvægra þátta í fyrirbyggjandi formgerðarskipan húsnæðis-

80 Samstarfshópur átta almennasamtaka um húsnæðismál, *Pak yfir höfuðið – Um félagslegar íbúðabyggingar á Íslandi* (Reykjavík, 1988). Fjölrit.

81 Lög um breytingu á lögum Húsnæðisstofnunar ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989, nr. 70/1990.

82 Húsnæðisstofnun ríkisins, *Fréttabréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins*, nr. 22, júní 1990 (Reykjavík, 1990).

83 Jón Rúnar Sveinsson, sama heimild, bls. 131–134.

84 Húsnæðisstofnun ríkisins, *Ársskýrsla 1995* (Reykjavík, 1996).

kerfisins. Þetta átti fyrst og fremst við um meginþætti hins ríkisrekna lánakerfis, sem raunar átti eftir að vaxa að umfangi sem aldrei fyrr á árunum kringum þúsaldamótin. Þrátt fyrir þetta voru þó samtímis að verki öfl sem stefndu í átt til fráhrarfs frá ríkislánastefnunni og frá og með haustinu 2004 hafa þessi öfl gert sig að fullu gildandi.

Nýr félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, Páll Pétursson, lýsti því yfir strax við embættistöku sína að hann teldi að félagslega húsnæðislánakerfið væri orðið of þungt í vöfum og þarfnadist endurskoðunar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var skýrt tekið fram að stefnt yrði að því að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið.⁸⁵ Þróun mála undanfarin áratug hefur hins vegar leitt í ljós að þetta atriði yfirlýsingarinnar endurspegladi í raun aðeins afstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Innan skamms var hafist handa við endurskoðun húsnæðislánakerfisins, sem í þetta sinn reyndist umfangsmeiri en nokkru sinni áður. Sérstök nefnd fjallaði um félagslega lánakerfið og önnur tók húsbrefakerfið til meðferðar. Einnig tók Samband sveitarfélaga virkan þátt í endurskoðuninni og lagði fram tillögur varðandi framtíð félagslega eignaríbúðakerfisins. Þetta ferli tók það langan tíma að ný húsnæðislög litu ekki dagsins ljós fyrr en þremur árum eftir valdatöku ríkisstjórnarinnar, þ.e. vorið 1998.⁸⁶ Ríkisstjórnin hlaut stuðning sveitarfélaganna við áform frumvarpsins um að leggja niður félagslega húsnæðislánakerfið en einnig harða gagnrýni frá Alþýðusambandi Íslands og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrrverandi félagsmálaráðherra.

Þann 1. janúar 1999 var Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður og við hlutverki hennar tók Íbúðalánasjóður. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna voru sameinaðir í einum sjóði, samnefndum hinni nýju lána- stofnun, Íbúðalánssjóði. Sjóðurinn skyldi vera

grunnur húsnæðislánakerfis í eigu ríkisins og halda áfram að veita almenn lán samkvæmt húsbrefafyrirkomulaginu, sem hélst óbreytt frá tíma Húsnæðisstofnunar. Einnig skyldi sjóðurinn veita sérstök viðbótarlán samkvæmt ákvörðunum húsnæðisnefnda sveitarfélaganna, sem ætlað var að koma í stað lánveitinga hins aflagða félagslega lánakerfis. Einnig skyldi veita lán til leiguíbúða og var stofnaður starfs- hópur sem meta skyldi þörfina fyrir leigu- íbúðalán.

Frá og með árinu 2002 geta sveitarfélögin heimilað eigendum félagslegra eignaríbúða að selja þær á almennum fasteignamarkaði. Hæst fór hlutfall þeirra á sl. áratug í rúm 6% allra íbúða í landinu.⁸⁷ Vaxandi jaðarstaða félagslegra eignaríbúða er skýrt dæmi um viðleitni stjórnvalda til fráhrarfs frá lána- fyrirkomulagi sem talið var orðið of þungt í vöfum og kostnaðarsamt fyrir ríki og sveitar- félög.

Þróunin hér á landi eftir 1995 hefur því að ýmsu leyti verið mótsagnarkennd, ákveðin þættir opinberrar húsnæðisstefnu hafa þannig verið festir í sessi samtímis því sem horfið hefur verið frá öðrum að miklu eða öllu leyti. Húsbrefafyrirkomulaginu var haldið áfram allar götur til ársins 2004 en í stað þess var tekið upp kerfi beinna peningalána án húsbrefa sem milliliðar. Lánveitingar Íbúðalána- sjóðs jukust verulega á árum efnahags- sveiflunnar um árþúsundamótin og aftur að nýju með upptöku 90% lána Íbúðalánasjóðs 2004.

Fækkun félagslegra eignaríbúða á undan- förnum árum hefur verið mætt með viðleitni til markvissari uppbyggingar leigumarkaðar en áður, einkum í Reykjavík. Í stað Húsnæðis- nefndar Reykjavíkur og forvera hennar, Stjórnar verkamannabústaða, er þannig komið nýtt og öflugt leiguíbúðafyrirtæki borgarinnar, Félagsbústaðir hf, sem nú á og rekur 1.740 leiguíbúðir⁸⁸ og til ársins 2010 er áformað að

85 Stjórnarráð Íslands, Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks (Reykjavík, 1995, <http://raduneyti.is/Stefnuyfirlýsing/nr/69>).

86 Lög um húsnæðismál, nr. 44/1998.

